

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn bókmenntafræði

Þverþjóðleg viðskiptakarlmennska á ystu nöf

Kortlagning kyngervis í *Konum* eftir Steinar Braga

Ritgerð til BA-prófs í Almennri bókmenntafræði

Margrét Helga Erlingsdóttir
Kt.: 130290-2999

Leiðbeinandi: Kjartan Már Ómarsson
September 2016

Ágrip

Í þessari ritgerð er gerð grein fyrir hugtakinu þverþjóðleg viðskiptakarlmennska (e. transnational business masculinity). Tekið er mið af (aðallega) tveimur rannsóknum sem veita lesendum góða innsýn inn í hugarheim starfsfólks viðskiptalífsins til þess að glöggva okkur nánar á þeirri gerð karlmennsku sem miðlæg er í þessari bókmennta- greiningu. Um er að ræða annars vegar rannsókn R.W. Connell og Julian Wood „Globalization and Business Masculinities“ og hins vegar rannsókn Kristínar Loftsdóttur og Helgu Björnsdóttur „Áhættusækni í útrásargleði: Karlar og konur í bönkum og fjármála- fyrirtækjum“. Einnig veltum við upp þeirri spurningu hvort siðblindir einstaklingar í efri lögum viðskiptageirans hafi með einhverjum hætti komið að mótun kyngervis þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku og þá fært mörkin út á ystu nöf. Ofangreindum rannsóknum og fræðum verður beitt á hrollvekjuna *Konur* (2008) eftir Steinar Braga og skoðuð verður sú mynd sem þar er dregin upp af þverþjóðlegri viðskiptakarlmennsku og athugað hvort samræmi fáiist á milli niðurstaðna ofangreindra rannsókna og birt- ingarmyndar karlmenskunnar í *Konum*.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Steinar Bragi Guðmundsson, <i>Konur</i> og hugmyndafræði	6
3. Hugmyndafræði nýfrjálshyggju, þverþjóðleg viðskiptakarlmennska og karlmennska útrásarinnar	14
3.1 Karlmennska útrásarinnar	22
3.2 Stofnana-og fyrirtækjasiðblindingjar þenja út mörkin.....	24
4. Bókmenntagreining Kvenna eftir Steinar Braga: Hugmyndafræði, táknmyndir og stjórnun	27
4.1 Konur og styðjandi kvenleiki.....	34
4.2 Vegsömun karllægra gilda	36
4.3 Stjórnunargjörningur	38
5. Lokaorð	42
Heimildaskrá.....	43

1. Inngangur

Eins og þrúma af heiðum himni birtist bankahrúnið Íslendingum á haustmánuðum ársins 2008 en það hefur þótt verðugt tilefni til frekari ígrundunar allar götur síðan, hvort sem um ræðir rannsóknarskýrslu Alþingis, dómskjöl, fréttaskýringar, ljóð eða bækur. Á hruninu eru margar hliðar sem vert er að skoða nánar en ein þeirra lýtur að því hvort skaðlegar karlmennskuhugmyndir hafi átt hlut að máli. Höfundurinn Steinar Bragi Guðmundsson dregur í það minnsta upp ljóslifandi mynd af grasserandi karlamenningu fjármálageirans í hrollverkjunni *Konur* (2008) þar sem kynjunum eru markaðar skarpar andstæður. Kynjafræði og bókmenntafræði munu því fléttast böndum í þessari ritgerð.

Í ritgerðinni eru þrjú stórir kaflar. Í þeim fyrsta verður Steinar Bragi í forgrunni. Þar bregðum við ljósi á það sem einkennir hann sem höfund; þróun Steinars Braga í tímans rás, þær bókmenntagreinar sem *Konur* fellur undir og sýnum fram á þá hugmyndafræði, sem liggur verki hans til grundvallar með því að flétta inn í textann, sjónarmiðum hans er varðar nýfrjálshyggju og karlmennskuhugmyndir nútímans, úr nokkrum viðtölum.

Annar kafli er fræðilegs eðlis. Leitast verður við að skilgreina hugtak karlafræðingsins og prófessorsins í menntunarfræðum R. W. Connell, þverþjóðleg viðskiptakarlmennska. Við munum að mestu leyti vinna með rannsókn Connell og félagsfræðingsins Julian Wood „Globalization and Business Masculinities“ frá árinu 2005, rannsókn Kristínar Loftsdóttur prófessors í mannfræði við Háskóla Íslands og Helgu Björnsdóttur, aðjúnkts í mannfræði við Háskóla Íslands „Áhættusækni í útrásar- gleði: Karlar og konur í bönkum og fjármálafyrirtækjum“ frá árinu 2005, kynjafræðilega greiningu á rannsóknarskýrslu Alþingis sem framkvæmd er af þeim Þorgerði Einarsdóttur og Gyðu Margrétu Pétursdóttur sem báðar eru doktorar í kynjafræði við Háskóla Íslands. Að lokum verður einnig notast talsvert við rannsókn Clive R. P. Boddy, prófessors í rekstrarhagfræði, „Corporate Psychopaths and organizational type“ frá árinu 2010. Við gerum grein fyrir hugmyndafræði nýfrjálshyggju sem liggur fjármálalífinu til grundvallar. Leitast verður við að fanga ákveðna heildarmynd af þverþjóðlegri viðskiptakarlmennsku og verður því leitað svara hjá starfsfólki viðskiptalífsins sjálfs sem finna má í niðurstöðum ofangreindra rannsókna þeirra Connell og Wood og Kristínar og Helgu. Við endum fræðilega umfjöllun okkar um karlmenskuna

á samanburði á þverþjóðlegri viðskiptakarlmennsku og fyrirtækja-og stofnanasiðblind-ingjum sem Clive R.P. Boddy fjallar um.

Þriðji og síðasti kaflinn er hefðbundinn greiningarkafli þar sem kenningum, sem kynntar voru í kafla tvö, verður beitt á *Konur*. Markmið ritgerðinnar er í raun tvíþætt og felst í því að varpa ljósi á þverþjóðlega viðskiptakarlmennsku og sýna hvernig hún birtist lesendum *Kvenna*. Hvað er þverþjóðleg viðskiptakarlmennska og hvernig birtist hún í *Konum*?

2. Steinar Bragi Guðmundsson, *Konur* og hugmyndafræði

Steinar Bragi Guðmundsson hefur sinn akademíska feril í læknisfræði en færir sig fljótlega yfir í almenna bókmenntafræði og hefur strax að skrifa meðfram námi.¹ Í dag er Steinar Bragi þekktastur fyrir ýmis bókmenntaleg afrek á skáldsagnasviðinu á borð við *Sólskinsfólkið* (2004), *Himinninn yfir Þingvöllum* (2007), *Konur* (2008), *Hálendið* (2011) og nú fyrir skemmstu, hina kynjapólítísku *Kötu* (2014), sem er ein af umtöluðustu skáldsögum jólabókaflóðs ársins 2014. *Konur* kemur út árið 2008 hjá bókaforlaginu Nýhil en fram að útgáfu hennar er hann ekki ýkja vinsæll höfundur. Það má því segja að vending verði á höfundarferli Steinars Braga því hann þenur út mörk Nýhils, sem er heldur smátt í sniðum, því eftirspurn bókarinnar er orðin svo gríðarleg. Samningar nást því við umfangsmeira forlag, Mál og menningu sem er undir hatti Forlagsins.² Til viðbótar þessari velgengni er Steinar Bragi tilnefndur til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir *Konur*.³

Í stuttu máli fjallar skáldsagan *Konur* um Reykjavík útrásarinnar og lista- og heimildamyndagerðakonuna Evu Dögg Einarsdóttur sem á í erfiðleikum í ástarlífinu. Hún bregður á það ráð að elta manninn sem hún elskar, Hrafn, til Íslands í von um sættir. Þegar þarna er komið sögu hafa þau búið í Bandaríkjunum um nokkurt skeið en áður höfðu þau búið í Reykjavík í skamman tíma þar sem þau missa barnið sitt. Eva elst að miklum hluta upp í Bandaríkjunum svo að Ísland er í þeim skilningi ekki „heima“ í huga Evu. Í Reykjavík þekkir hún, því sem næst, engan og það er sannarlega ekki sama land og hún segir skilið við. Mikið samfélagsumrót hefur þá átt sér stað, nýfrjálshyggjan hefur riðið sér til rúms og gegnsýrt hvern krók og kima. Bankamaðurinn Emil, hefur veitt henni leyfi til þess að búa endurgjaldslaust í glæsilegri risíbúð sem stendur við Sæbraut. Fljótlega fer Eva að skynja að ekki er allt með felldu og eftir því sem frás-

¹ Þröstur Helgason, „Vofuleg gufa í þokuheimi“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. desember, 2002, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/702694/>

² Jakob Bjarnar, „Forlagið stelur Steinari Braga“, *Fréttablaðið*, 8. janúar, 2009, Sótt þann 12. maí, 2016 af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=278675&pageId=4016509&lang=is&q=Steinar%20Bragi og Ritstjórn Morgunblaðsins, „Konur til Máls og menningar“, *Morgunblaðið*, 9. janúar, 2009, sótt þann 20 júlí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1263492/>

³ Ritstjórn, „Ofsi og Konur tilnefndar til bókmenntaverðlauna“, *Morgunblaðið*, 1. desember, 2009, sótt þann 12. maí, 2016 af: http://www.mbl.is/frettit/forsida/2009/12/01/ofsi_og_konur_tilnefnd_til_bokmenntaverdlauna/

ögninni vindur fram kemur í ljós að hún er viðfang gjörnings sem framinn er af listamanninum Joseph Novak, með stuðningi fjársterkra aðila úr banka-og fjármálagéiranum. Eva verður sem fangi í tilraunastofu nýfrjálshyggju, kvenfjandsemi og yfirborðsmennsku.⁴

Til þess að átta sig betur á höfundu er þarft að leita til upprunans. Í upphafi ferils brýst Steinar Bragi fram á sjónarsviðið sem ljóðskáld og er framan af þekktur fyrir ljóðabækurnar *Svarthol* (1998) *Augnkúluvökva* (1999) og *Ljúgðu Gosi, Ljúgðu* (2001). Bókmenntafræðingurinn Þorgerður E. Sigurðardóttir lýsir bókunum sem ólíkum hver annarri en að sterkt mál sé sameiningartákn þeirra.⁵ Skáldsögur Steinars Braga bera einmitt þess merki að bakgrunnur hans er í ljóðlistinni, sökum hins myndræna sem einkenir stíl hans en hann hefur sagt frá því hvernig hann skrifar bækur sínar gjarnan út frá myndum, sem hann sér í hugskoti sínu.⁶ Steinar Bragi segist aldrei hafa tekist að skilja við hugsunarhátt ljóðsins og á þá við ákveðið ljóðrænt viðmót til skáldsagnagerðar þar sem sterkar, innblásnar myndir eru ætíð miðlægar í skrifunum.⁷

Hvað ritstíl varðar er óhætt að segja að nútíminn sé fyrirferðamikill í bókum hans, dagur-, afþreyinga-, og fjölmiðlamenning ratar greiðlega inn í skáldsögurnar. Það mætti segja að þær hafi yfirbragð kvikmynda sem er á kostnað skruðmælgis en textinn dregur lesandann inn í áreynslulaust flæði myndræns texta, eins og upptökuvél eltir myndefni sitt. Steven G. Kellman, doktor í almennri bókmenntafræði, segir kvikmyndalegar skáldsögur (e. cinematic novels) vera meðal annars þær sem sýna fremur sem segja og er þessi stíll einkar vel til þess fallinn að veita lesendum innsýn í yfirborðslegt útlitssamfélag mótað af nýfrjálshyggju.⁸ Í *Konum* sýnir Steinar Bragi lesendum sínum ljóslifandi myndir af tilkomumiklum klæðnaði, húsbúnaði og veldi sem tilheyrir auðmönnum í háhýsinu. Skyldi engan undra þessa tengingu því Steinar Bragi hefur

⁴ Steinar Bragi, *Konur*, Reykjavík: Mál og menning, 2008.

⁵ Þorgerður E. Sigurðardóttir, „Þorgerður E. Sigurðardóttir skrifar um Steinar Braga“, *Bókmenntir.is*, 2004, sótt þann 12. maí, 2016 af: http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-18666/RSkra-111

⁶ Pröstur Helgason, „Að tengjast kvenhataranum í sjálfum sér“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. nóvember, 2008, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1257731/>

⁷ Þormóður Dagsson, „Listin á bak við morðgátu“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 16. desember, 2006, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1119786/>

⁸ Kellman, Steven G., „The Cinematic Novel: Tracking a Concept“, *Modern Fiction*, 33: 3/1987, bls. 467-477, hér bls. 474.

sagt í viðtali að áhrif hins myndræna úr heimi kvikmyndanna séu djúpstæð. Hann telur raunar, heilt yfir, að ungir höfundar dagsins í dag séu undir sterkari áhrifum frá kvikmyndum en bókmenntum og að tilvísanaheimurinn sé annar en hjá eldri skáldum.⁹

Það er í raun erfitt að skilgreina *Konur* út frá einhverju einu því bókin hakar í marga reiti samtímis. Segja mætti að skáldsagan sé hrunsaga sem er sá angi bókmennta sem fæst við tildrög og eftirmál efnahagshrunsins en margir höfundar hafa valið þennan efnivið fyrir skáldsögur sínar. Nefna mætti *Bankster* (2009) Guðmundar Óskarssonar, *Morgunengil* (2010) Árna Þórarinssonar, *Samhengi hlutanna* (2011) eftir Sigrúnu Davíðsdóttur og þá má einnig taka fram að Steinar Bragi heldur áfram að vinna með hrúnið í *Hálendinu* sem kemur úr árið 2011. *Konur* er með sanni sérlegt ádeilurit á þá menn og fáu konur, sem í krafti nýfrjálshyggju, lögðu drög að íslenska banka- og fjármálahruninu árið 2008. *Konur* er á sama tíma kynjapólitískur reyfari,¹⁰ þar sem dregið er fram og áhersla er lögð á ákveðið „kynjastríð“ sem leitt er til öndvegis. Að endingu má flestum vera ljóst að skáldsagan fellur undir bókmenntagrein hrollvekjunnar og gengur Steinar Bragi jafnvel enn harðar fram en aðrir höfundar í þeirri viðleitni að ná fram ástandi geðshræringar hjá lesendum sínum. Gauti Kristmannsson, prófessor í þýðingafræði við Háskóla Íslands, undirstrikar þetta og segir bókina tilraun til þess að finna þolmörk mannsandans og listgreinar.¹¹ Steinar Bragi hefur haldið því fram að hann beiti öllum tiltækum ráðum til þess að hafa áhrif á lesendur sína, markmið hans með skrifunum er að hreyfa við þeim og ennfremur að fá þá til þess að líða eins og atburðirnir í skáldsögunum séu að henda þá sjálfa en ekki sögupersónurnar.¹² Þrátt fyrir einbeittan vilja til þess að vekja óhug með lesendum sínum er skáldið sjálft ekki endilega sannfært um að *Konur* og önnur rit hans flokkist sem hrollvekjur:

⁹ Þröstur Helgason, „Vofuleg gufa í þokuheimi“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. desember, 2002, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/702694/>

¹⁰ Ásgeir H. Ingólfsson, „Kynjapólitískur reyfari: Steinar Bragi lýkur við bók og flytur yfir á París“ *Morgunblaðið*, 31. júlí, 2008, sótt þann 12. maí, 2016 af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?is-sId=286834&pageId=4195463&lang=is&q=Steinar%20Bragi

¹¹ Gauti Kristmannsson, „Steinar Bragi“, *Viðbrögð úr Víðsjá: Úrval ritdóma frá upphafi 21. aldar*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011, bls. 190-194, hér bls. 193.

¹² Eiríkur Örn Norðdahl, „Að útdeila réttlæti: viðtal við Steinar Braga“, *Starafugl*, 27. október, 2014, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://starafugl.is/2014/ad-utdeila-rettlæti-vidtal-vid-steinar-braga/>

Ef það er satt að ég skrifi hrollvekjur þá er það ekki af því mig langi sérstaklega til þess að skrifa þá bókmenntategund. Þetta eru bara einhverjar myndir sem mér finnast heillandi, í fegurð sinni eða viðbjóði, sem eru yfirleitt tvær hliðar á því sama.¹³

Hvað sem líður allri smámunasemi flokkunar eru ákveðin höfundareinkenni á skrifum Steinars Braga. Hann brýtur upp raunsæislegan texta með hinu fantasíska¹⁴ sem hefur fest sig í sessi sem eitt af hans aðalsmerkjum sem höfundar. Fantasísku þættirnir birtast lesendum Steinars Braga gjarnan í því að vitundarmiðja skáldsagna hans er með óráði, í svefnrofunum eða undir áhrifum lyfja þar sem lesendur ferðast með sögupersónum hans úr einni vídd í aðra. Þetta stílbragð er áberandi í *Konum* þar sem Eva er bróðurpart fangavistarinnar undir áhrifum ýmissa lyfja og á köflum reynist það þrautin þyngri að þekkja þau skil þegar fantasíutextinn tekur við af hinum raunsæislega, og öfugt. Fantasíski þátturinn eykur enn á óhugnaðinn og veitir sögunni frekari dýpt sem hrollvekjur því lesendur skynja atburði frásagnarinnar út frá sjónarhorni Evu sem færir þá inn í skynjun annarlegs ástands. Annað stílbragð sem einkennir skrif Steinars Braga er hvernig hann fléttar nafntogað fólk úr raunveruleikanum inn í sögurnar sínar og jafnvel eru dæmi þess að tveimur manneskjum úr raunveruleikanum ljósti saman og myndi eina skáldsagnapersónu eins og sjá má í *Kötu* þar sem einn aðalglæpamannanna er einhverskonar sambraðingur Jóns Hilmars Hallgrímssonar (Jóns stóra) og Egils Einarssonar (Gillz)¹⁵ og þannig mætti lengi telja. Það eru ekki aðeins raunverulegar persónur sem blandast inn í frásögnina heldur notast Steinar Bragi gjarnan við raunverulega staðhætti sem söguvið. Það er hægur leikur að týna sér í því að leita uppi allar vísanirnar í bókinni og finna þeim stað í raunveruleikanum. Í *Konum* bregður til dæmis Hannesi Sigurðssyni, listfræðingi og fyrrverandi sjónlistastjóra Akureyrar, fyrir á tveimur stöðum í bókinni,¹⁶ eins birtist gríma af andliti Geirs Hilmars Haarde, fyrrverandi

¹³ Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, „Með eigið lík í eftirdragi“, *Fréttablaðið*, 4. desember, 2011, sótt þann 12. maí, 2016 af <http://www.visir.is/med-eigid-lik-i-eftirdragi/article/2011111209653>

¹⁴ Samkvæmt Tzvetan Todorov nær hið fantasíska yfir þá þætti skáldsagna þegar eitthvað gerist sem samræmist ekki lögmálum veruleikans sem við þekkjum en veruleikinn sem við þekkjum býr ekki yfir neinu yfirnáttúrulegu. Hann segir þetta gjarnan geta stafað af því að viðkomandi sögupersóna sé annað hvort undir áhrifum lyfja sem bjagar veruleikann eða að hið fantasíska sé hluti ímyndunaraflsins. Sjá: Todorov, Tzvetan, „definition of the fantastic“, *The Fantastic: A Structural Approach to a Literary Genre*, þýð. Richard Howard, New York: Cornell University Press, 1975, bls. 25.

¹⁵ Eiríkur Örn Norðdahl, „Að útdeila réttlæti: viðtal við Steinar Braga“, *Starafugl*, 27. október, 2014, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://starafugl.is/2014/ad-utdeila-rettlaeti-vidtal-vid-steinar-braga/>

¹⁶ Steinar Bragi, *Konur*, bls. 79 og 155.

forsætisráðherra Íslands¹⁷ og undir lok bókar á sér stað léttvægt sjónvarpsviðtal við þáttastjórnanda sem heitir Ellý, sem hægt er að gera sér í hugarlund að eigi að vera Ellý Ármannsdóttir eða að hún sé að einhveru leyti fyrirmynd persónusköpunar.¹⁸ Á þennan hátt tengir Steinar Bragi skáldsöguna órofa böndum við menningarsögulegt samhengi ritunartíma hennar. Það er með þessum sérkennum sem Steinar Bragi talar, með nýstárlegum hætti, inn í hina norrænu glæpasagnahefð.

Norrænar/skandinavískar glæpasögur hafa náð miklum vinsældum síðustu ár en hin einstaka veðráttu í þeim löndum á þátt í að skapa ákveðna stemningu. Í bók Steinars Braga sjáum við hvernig hann notast við grámyglulega veðráttuna en einnig afskekktu legu landsins til þess að kalla fram áhrif einmanaleika og innilokunarkenndar. Barry Forshaw segir í yfirgripsmikilli bók sinni um norræna glæpasagnahefð að varast beri að einfalda um of umfjöllun um greinina því hún taki til víðfeðms svæðis og að margir þættir séu breytilegir innan mengisins, m.a. sökum menningarlegs munar landanna á milli.¹⁹ Hann telur þó að ýmsir þættir séu lýsandi fyrir margar þær bækur sem skipa vinsældarkanónu greinarinnar en það er notkun á hinum norræna sagnaarfi, allt frá norrænni goðafræði til víkingasagna.²⁰ Hann tekur að auki fram að margar bækurnar dragi dóm af pólitík líðandi stundar og/eða séu hafðar til andstöðu ráðandi afla.²¹ Forshaw telur bækurnar betri og vandaðri en þær áður voru og segir að auki að þær séu nú þýddar í auknum mæli og nái því til stærra málsvæðis en ella. Áhugann skýrir hann einnig með því að glæpasagnaáðdáendum sé mjög að skapi sú nýbreytni og framandgervingaráhrif sem fáist með hinum norrænu söguþáttum.²² Þetta séu liðir í því að skapa þeim auknar vinsældir.²³ Vinsældarkanónan samanstendur af höfundum á borð við Svíana Camillu Läckberg, Stieg Larsson, Norðmanninn Jo Nesbø, Danann Mikkel Birkegaard og hinum íslensku Arnaldi Indriðasyni og Yrsu Sigurðardóttur.

¹⁷ Sama heimild, bls. 125.

¹⁸ Sama heimild, bls. 212.

¹⁹ Forshaw, Barry, „introduction“ (ritstj. Bloom, Clive) *Death in a Cold Climate: A Guide to Scandinavian Crime Fiction*, Hampshire: Palgrave Macmillan, 2012, bls. 2.

²⁰ Sama heimild, bls. 10.

²¹ Sama heimild, bls. 129.

²² Sama heimild, bls. 1.

²³ Sama heimild, bls. 6.

Hugmyndafræði hefur lengi verið Steinari Braga hugleikin. Með hugmyndafræði er átt við „samtengt safn hugmynda og hleypidóma sem öðlast hefur valdastöðu í mannfélaginu og hvetur fólk til að horfa á heiminn og haga sér á ákveðinn hátt.“²⁴ Franski síðmarxistinn og heimspekingurinn Louis Althusser segir hugmyndafræði taka að myndast þegar hópur manna, sem leitast við að festa yferráð sín í sessi, dregur upp falsmynd af veröldinni og brenglar því sýn almennings á tilvistarskilyrði sín.²⁵ Páll Skúlason, prófessor í heimspeki, segir hugmyndafræði vera þess eðlis að hún letji gagnrýna hugsun og ennfremur að fólk fylgi henni jafnan ekki af fúsum og frjálsum vilja.²⁶ Hugmyndafræði ber oft á góma í viðtölum við Steinar Braga og er hún aðalefniviður skáldsagnanna *Hálendisins* (2011) og *Kvenna* (2008) en í þeim brýst fram orðfæri nýfrjálshyggjunnar og einkennir hún anda bókanna. Nýfrjálshyggjan og alhliða markaðsvæðing samfélagsins er sú hugmyndafræði sem er í forgrunni í *Konum* en þar er góðærið í algjöru hámarki og jakkafataklæddir menn fjármálageirans leika lausum hala²⁷ við fögnuð almennings. Ritunarferlið spannar tímann fyrir og eftir hrun og kemur bókin ekki út fyrr en árið 2008.²⁸ Það má því segja að fyrstu drög bókarinnar hafi verið, á þeim tíma, martraðarkennd sýn á framtíðina, en höfundur hefur reynst sannspár um þær ógöngur sem merkisberar nýfrjálshyggjunnar, í krafti upphafinna karlmennskugilda, leiddu íslensku þjóðina í. Steinar Bragi fjallar, í eftirfarandi klausu, um tilurð bókarinnar og þá hugmynd sem varð kveikjan að *Konum*.

²⁴ Páll Skúlason, „Menning og markaðshyggja“, *Skírnir* 182: 1/2008, ritstj. Halldór Guðmundsson (ritstj.) bls. 5-40, hér bls. 7-8.

²⁵ Althusser, Louis, „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins (rannsóknarpunktur)“, *Af marxisma: Afbók#6*, ritstj. Magnús Þór Snæbjörnsson og Viðar Þorsteinsson, þýð. Egill Arnarsson, Reykjavík: Nýhil, 2009, bls. 175-228, hér bls. 207-209.

²⁶ Páll Skúlason, „Menning og markaðshyggja“, bls. 7-8

²⁷ Hér verður þó að benda á það að aðeins lítil hluti þeirra manna sem fóru offari á góðæristímanum voru fundnir sekir. Þeir Ólafur Ólafsson, Magnús Guðmundsson og Sigurður Einarsson, eru á meðal þeirra sem voru fundnir sekir. Sjá: Þorbjörn Þórðarson, „Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag: Kaupþingsmenn á Kvíabryggju“, *visir.is*, 12. janúar, 2016, sótt þann 1. september, 2016 af: <http://www.visir.is/frettir-stodvar-2-og-island-i-dag--kaupthingsmenn-a-kviabryggju/article/2016160119663>

²⁸ Bergsveinn Sigurðsson, „Þjáningin er mjólkurkúr“, *Fréttablaðið*, 21. desember, 2008, sótt þann 12. maí af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4015719

Einn daginn fór að sækja á mig mynd af konu sem leggur andlitið í vegg, fer svo gegnum hann. Í framhaldi fann ég til einhverrar skepnulegrar gleði við að pynta þessa konu, fór að tengjast betur kvenhataranum í mér og staðsetja þessa ímynduðu konu innan menningar sem beisícallí er stjórnað af körlum, sem pynta á þennan sama hátt en án meðvitundar um að þeir geri slíkt, eða að slíkt sé skaðlegt þeim sjálfum og öllu samfélaginu – menn sem neyta aflsmunar, upphefja gildi „hins sterka“, eiginleika yfirgangs, áræðni og þors. Sem er skaðlegt öllum. Eins og dæmin sýna.²⁹

Það eru einmitt þessi gildi sem hafin eru til vegs og virðingar innan þeirrar menningar sem ætlunin er að gaumgæfa í þessari ritgerð. Nánar verður farið í saumana á þessu tiltekna efni í kafla tvö.

Steinar Bragi segir mennina sjaldnast vera eins færa til illverka og þegar þeir styðja sig við hugmyndafræðikerfi og þvinga þau upp á samfélög, hann segir þá „styðjast við hugmyndafræði sem bjargar allan veruleika, náttúruna eða eitthvað sem getur verið lífræn dýnamík í samfélaginu.“³⁰ Á öðrum stað talar Steinar Bragi á svipuðum nótum um þessa vélrænu hugsun sem rúmar ekki hið mannlega og talar ennfremur um samtíma sinn sem sé gegnsýrður af hugmyndafræði markaðarins, sem lýsir sér í því að hann „hyggur á hluti, efni, hugsar í nafnorðum, verðleggur, afmarkar og einangrar.“³¹ Steinar Bragi talar tæpitungulaust um skaðsemi þessarar hugmyndafræði og þá karlmennsku sem getin er af henni og telur það hreinlega skyldu okkar að reyna, eins og frekast er unnt, að losna undan henni,³² ástand samfélags kapítalisma og vísindahyggju sé óbærilegt og einkennist af miklum tómleika.³³ Kyngervi og félagsmótun ber á góma í enn öðru viðtali en þá talar Steinar Bragi um þá skilyrðingu sem drengir hljóta á unga aldri sem felst í því að gangast við gildum, eiginleikum og

²⁹ Þröstur Helgason, „Að tengjast kvenhataranum í sjálfum sér“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. nóvember, 2008, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1257731/>

³⁰ Bergsveinn Sigurðsson, „Þjáningin er mjólkurkúr“, *Fréttablaðið*, 21. desember, 2008, sótt þann 12. maí af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4015719

³¹ Þröstur Helgason, „Að tengjast kvenhataranum í sjálfum sér“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. nóvember, 2008, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1257731/>

³² Bergsveinn Sigurðsson, „Þjáningin er mjólkurkúr“, *Fréttablaðið*, 21. desember, 2008, sótt þann 12. maí af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4015719

³³ Þröstur Helgason, „Að tengjast kvenhataranum í sjálfum sér“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. nóvember, 2008, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1257731/>

hegðunarmynstri ráðandi karlmennsku og að sama skapi, bæla niður allt það sem kvenlægt er. Í huga Steinars Braga stendur Eva, konan í búrinu, fyrir ýmislegt sem hann sjálfur hefur neyðst til þess að halda í skefjum.³⁴

Kynjatvíhyggjan helgast af því að andstæðir pólar ákveðinna eiginleika eru annars vegar tengdir við kvenleika og hins vegar við karlmennsku og mótar hugmyndir okkar um eigið sjálf, möguleika okkar og takmarkanir.³⁵ Eins og þetta birtist höfundi er krafan um að forðast allt sem kvenlægt telst svo eindregin að hann segir sjálft félagsmótunarferlið vera „harkalegt kvenhatursskeið“³⁶ vegna þess að „Karlmennt, sem hafa völdin í öllum þjóðfélögum nútímans, hafa gert kvenleikann og þar með konur að safnþró fyrir allt sem þeir eru ekki sjálfir.“³⁷ Steinar Bragi beinir því spjótum sínum annars vegar að karllægri slagsíðu fjármálalífsins og hins vegar þeim ráðandi karlmenskugildum sem liggja því til grundvallar. Steinar Bragi kemur aðalpersónunni fyrir inni í einu helsta karlavígi ráðandi karlmennsku okkar tíma og niðurstaðan er hrollvekjandi.

³⁴ María Lilja Þrastardóttir, „Búin að vera saman til æviloka“, *Fréttatíminn*, 14. desember, 2012, sótt þann 12. maí af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=5857623

³⁵ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004, bls. 58.

³⁶ Þröstur Helgason, „Að tengjast kvenhataranum í sjálfum sér“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. nóvember, 2008, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1257731/>

³⁷ Sama heimild.

3. Hugmyndafræði nýfrjálshyggju, þverþjóðleg viðskiptakarlmennska og karlmennska útrásarinnar

Fyrirtækin eru ennþá, líkt og þau voru í upphafi sem nútíma stofnun í viðskiptum á miðri nítjándu öldinni, lagalega skilgreind „persóna“, hönnuð til þess að upphefja einkahagsmuni og firra siðferðilegum áhyggjum. Flestum myndi þykja þessi „persónuleiki“ andstyggilegur, jafnvel siðblindur, ef um manneskju væri að ræða, en samt sættum við okkur við hann, merkilegt nokk, í valdamestu stofnun samfélagsins.³⁸

Erfitt er að festa hönd á upphaf hagstjórnarstefnunnar og hugmyndafræðinnar nýfrjálshyggju en almennt er talið að hún marki upphaf sitt í kringum árið 1980, þegar Margaret Thatcher (í Bretlandi) og Ronald Reagan (Í Bandaríkjunum) komust til áhrifa.³⁹ Eins og Sveinbjörn Þórðarson bendir á í grein um sífjafræði stefnunnar, teygir hún anga sína langt aftur til nýaldar, eða til stjórnspekinganna Thomas Hobbes og John Locke. Þeir mótuðu frjálsslyndisstefnuna með hugmyndum sínum um eðli mannsins, áherslum á einkaeignaréttinn, hinn skynsama einstakling og mikilvægi þess að samfélög standi án sameiginlegra gilda.⁴⁰ Merkisberar stefnunnar vilja takmarka, eins og frekast er unnt, umsvif ríkisins og reglugerðir sem setja markaðsöflunum skorður. Lausnarorð þeirra er frjáls markaður. Þeir leitast við að einkavæða ríkisfyrirtæki jafnt sem náttúruauðlindir og ásælast tilhögun skattamála sem felur í sér að greiða götu fyrirtækja en þrengja um leið að velferðarkerfinu. Skyldur fyrirtækja eru einungis gagnvart sjálfum sér og felast í því að hámarka hagnað, hverjar sem afleiðingarnar kunna að verða, til dæmis hvað varðar loftslagsbreytingar eða hag og heilsu verkafólks sem staðsett er víðsvegar um heiminn.⁴¹ Í ritgerðinni höfum við þó ekki síst áhuga á að

³⁸ Bakan, Joel, *The Corporation: The Pathological Pursuit of Profit and Power*, New York: Free Press, 2004, bls. 28

Mín þýðing á: „It remains, as it was at the time of its origins as a modern business institution in the middle of the nineteenth century, a legally designated „person“ designed to valorize self-interest and invalidate moral concern. Most people would find its „personality“ abhorrent, even psychopathic, in a human being, yet curiously we accept it in society’s most powerful institution.“

³⁹ Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjamyndir og kyngervi nýfrjálshyggjunnar“, *Eilífðarvélín: Uppgjör við nýfrjálshyggjuna*, ritstj. Kolbeinn Stefánsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010, bls. 195-218, hér bls. 197.

⁴⁰ Sveinbjörn Þórðarson, „Fortíðin í nútímanum. Ágrip af hugmyndasögu nýfrjálshyggjunnar“, *Eilífðarvélín: Uppgjör við nýfrjálshyggju*, ritstj. Kolbeinn Stefánsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010, bls., 53-68, hér bls. 55-58.

⁴¹ Salvör Nordal, „Samfélagsleg ábyrgð í viðskiptalífínu“, *Eilífðarvélín: Uppgjör við nýfrjálshyggjuna*, ritstj. Kolbeinn Stefánsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010, bls. 93-112, hér bls. 94-95, Sveinbjörn Þórðarson, *Eilífðarvélín*, bls. 53 og Þorgerður Einarsdóttir, *Eilífðarvélín*, bls. 196-197.

brjóta til mergjar það *menningarástand* sem tekið hefur að myndast á síðustu þrjátíu árum og nær hápunkti á Íslandi árið 2007 sem málað er svo sterkum litum í bók Steinars Braga. Til áhersluauka verður því einnig talað um markaðshyggju og markaðsvæðingu til þess að draga fram félagslegu víddina því nýfrjálshyggja hefur hreiðrað um sig hvarvetna í þjóðfélaginu. Joel Bakan telur fjármálaöflin beinlínis stjórna lífi okkar og að áhrifin gegnsýri vestræn samfélög. Bakan segir fullum fetum: „Þau ákveða hvað við borðum, hvað við sjáum, hverju við klæðumst, hvar við vinnum og hvað við gerum. Við erum óumflýjanlega umkringd menningu þeirra, táknmyndum þeirra og hugmyndafræði.“⁴² Í greininni „Menning og markaðshyggja“ gerir Páll Skúlason grein fyrir því hvernig markaðshyggjan hefur smogið inn á flest svið samfélagsins og hvernig hún er ávallt fyrir augum okkar. Það er af þessum sökum, segir Páll, sem við hættum að geta litið hugmyndafræðina gagnrýnum augum því við verðum henni samdauna: hugmyndafræðin hefur samlagast hinu hversdagslega.⁴³

Nýfrjálshyggju hefur löngum fylgt mjög ákveðnar og skýrt afmarkaðar hugmyndir um karlmennsku. Þær gerðir karlmennsku sem hafa haft ráðandi stöðu í vestrænu samfélagi hafa myndast samhliða, annars vegar vexti og viðgengi kapítalismans og hins vegar heimsvaldastefnunni.⁴⁴ Líkt og Þorgerður Einarsdóttir, R. W. Connell, Julian Wood, Juanita Elias og fleiri fræðimenn, á sviði kynja-og karlmennskufræða, hafa bent á hefur fjármálageirinn ákveðinn kynbúning, það er að segja, ákveðna gerð af karlmennsku. Þorgerður Einarsdóttir talar um fjármálakerfi góðæristímans sem „leikvöll karla“⁴⁵, til þess að leggja áherslu á að íslenska útrásin var kynjuð. Þegar fengist er við

Myndbirting stefnunnar á Íslandi var á þá leið að á 13 árum voru 33 fyrirtæki í eigu ríkisins seld í ein-kaeigu. Talað er um ákveðinn vendipunkt í viðskiptalífi Íslendinga þegar landið varð aðili að evrópska efnahagssvæðinu sem var liður í auknu frjálssræði fjármálageiranum til handa. Þrjár viðskiptablokkir skiptu með sér bönkunum og höfðu þá sem bakhjarla í viðskiptum. Um var að ræða fámenna valdaklíku sem samanstóð, að mestu, af karlmönnum. Þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir voru hluthafar í Kaupþingi en þeir hafa jafnan verið kallaðir Bakkabræður, þá ber að nefna veldi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í Baugi Group sem var hluthafi Glitnis og að endingu má nefna Björgólfsfeðga, þá Björgólf Guðmundsson og Björgólf Thor Björgólfsson en þeir voru hluthafar í Landsbankanum. Sjá Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2009, bls. 15, og 62- 63.

⁴² Bakan, Joel, *The Corporation*, bls. 5. Mín þýðing á: „They determine what we eat, what we watch, what we wear, where we work, and what we do. We are inescapably surrounded by their culture, iconography, and ideology.“

⁴³ Páll Skúlason, „Menning og markaðshyggja“, bls. 7-8.

⁴⁴ Connell, R. W. og Wood, J., „Globalization and Business Masculinities“, *Men and Masculinities* 7, bls. 347-364, hér bls. 348.

⁴⁵ Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjamyndir og kyngervi nýfrjálshyggjunnar“, bls. 210.

greiningu á mismunandi gerðum karlmennsku er fyrsta verk að gera skýran greinarmun á orðunum kyn og kyngervi. Kyn (e. sex) vísar til líffræðilegs kyns sem fólk hefur en kyngervi (e. gender) skírskotar aftur á móti til þess menningarlega, táknræna og félagslega sem mótar hugmyndir okkar um okkur sjálf og það sem telst til kvenleika og karlmennsku.⁴⁶ R.W. Connell leggur áherslu á að við fæðumst ekki í neinum tilteknum kynbúningi heldur tileinkum við okkur kyngervi í okkar félagslega umhverfi.⁴⁷ Kyngervi er því félagssmíði.⁴⁸

Karlmennska og kvenleiki eru andstæðupör en í hugtökunum felast kerfi viðhorfa er lúta að því hvernig kynjunum beri að hugsa og hegða sér. Kvenleg hugsun, hegðun og eiginleikar eru því til aðgreiningar þess sem karllægt telst.⁴⁹ Karlmennska er það svið sem snýr að völdum en ráðandi hugmyndir um karlmannlega eiginleika eru einnig „agi, rökvísi, hlutlægni, samkeppni og síðast en ekki síst að vera snöggur til að bregðast við aðsteðjandi vanda.“⁵⁰ Birtingarmyndir kyngervis eru fjölmargar og í sífelldri mótun. „Kyngervi móta sjálfsmýnd okkar og skynjun og hafa áhrif á samskipti fólks en þau móta einnig samfélagslegar stofnanir, hugmyndir og menningarástand.“⁵¹ Þegar verið er að greina hinar ýmsu gerðir karlmennsku er brýnt að hafa í huga að ekki er hægt að fá upp úr krafsinu fullgerðar myndir úr mannlífinu, þvert á móti er leitast við að fanga *ráðandi* mynstur félagslega skilgreinds hóps sem er í sífelldri mótun í samspili sínu við breytur eins og sögulegan tíma, landfræðilega staðsetningu, valdatengsl og svo framvegis.⁵²

Menningarástandið, sem hefur þessa kynjuðu vídd, hefur verið kennt við nýfrjálshyggju og markaðshyggju. Connell og Wood hafa um þessa gerð karlmennsku hugtakið „þverþjóðleg viðskiptakarlmennska“ (e. transnational business masculinity) sem Þorgerður Einarsdóttir sníður, því til samsvörunar að íslenskum veruleika, hugtakið „karlmennska útrásarinnar“.⁵³ Þverþjóðleg viðskiptakarlmennska er hugtak yfir það

⁴⁶ Sama heimild, bls. 195.

⁴⁷ Connell, R. W. *Gender in World Perspective*, Cambridge: Polity Press, 2009, bls. 5

⁴⁸ Sama heimild, bls. 10.

⁴⁹ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, bls. 58.

⁵⁰ Sama heimild, bls. 58.

⁵¹ Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjamyndir og kyngervi nýfrjálshyggjunnar“, bls. 195.

⁵² Sama heimild, bls. 195

⁵³ Sama heimild, bls. 205.

þverþjóðlega karlmenskumynstur sem hefur mótast á síðustu áratugum og náð bæði hnattrænni og ráðandi stöðu í menningu vestrænna samfélaga.⁵⁴ Í kynjagreiningu á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segja þær Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir að þverþjóðleg viðskiptakarlmennska sé efst í stigveldi mismunandi gerða karlmennsku.⁵⁵ Í greiningunni sýna þær fram á hvernig stjórnmálakarlmennskan hörfar frammi fyrir æðra valdi þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku.⁵⁶

Þegar verið er að ræða starfsfólk geira sem byggir á eindreginni einstaklingshyggju, segja þær Connell og Wood að það kunni að hljóma annarlega að tala um *hóp* í sömu andrá en engu að síður hefur þessi hópur manna ákveðið kyngervi þar sem greinanleg mynstur í atferli þeirra og háttum hafa myndast.⁵⁷ Þrátt fyrir að bókin, sem til greiningar er í þessari ritgerð, sé íslensk og fjalli um íslenskan veruleika, einskorðast karlmennskan síður en svo við stendur landsins. Nú á tímum fyrirfinnast nefnilega ákveðnar gerðir karlmennsku sem takmarkast ekki við landamæri því þær eru fóstraðar innan áþekkra starfssviða hins hnattvædda heims. Connell og Wood telja að það hafi ávallt verið augljós sannleikur að „sum mál ná úr yfir hið staðbundna.“⁵⁸ Nýir og breyttir tímar kalli því á nýjar rannsóknaraðferðir og þegar rýnt er í helstu mynstur þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku þarf að taka mið af því að athafnasviðið er allur heimurinn, aðalsmerki alþjóðavæðingar er einmitt samskipti manna á milli, þvert á landamæri. Af þessum sökum er talað um *þverþjóðlega* viðskiptakarlmennsku.⁵⁹ Þó eru vissir þættir sem kunna að bregða út af hefðbundnum mynstrum sem einkenna karlmenskuna en til þess að fanga sem nákvæmasta mynd af karlmenskunni verður umfjölluninni einnig vikið að Íslandi og *karlmennsku útrásarinnar*.⁶⁰ Í þessum hluta ritgerðarinnar verður farið nánar í saumana á karlmenskunni en til þess verður aðallega

⁵⁴ Connell, R.W. og Wood, J. „Globalization and Business Masculinities“, bls. 347.

⁵⁵ Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, „Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni.“ *Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis*. Reykjavík: Alþingi, 2010, bls. 242.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 243.

⁵⁷ Connell, R.W. og Wood, J. „Globalization and Business Masculinities“, bls. 362

⁵⁸ Connell, R. W. „Globalization, Imperialism, and Masculinities“, *Handbook of Studies on Men & Masculinities*, ritstj. Michael S. Kimmel, Jeff Hearn og R. W. Connell, California: Sage Publications Inc., 2005, bls. 71-89, bls. 72. Mín þýðing á: “some issues go beyond the local.”

⁵⁹ Sama heimild, bls. 71-72.

⁶⁰ Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjamyndir og kyngervi nýfrjálshyggjunnar“, bls. 205.

notast við þær tvær rannsóknir sem nefndar voru í inngangi. Önnur þeirra heitir „Globalization and Business Masculinities” og felur í sér djúpvíðtöl við karlmenn úr áströlsku viðskiptalífi og er framkvæmd af þeim R. W. Connell og Julian Wood. Hin rannsóknin er unnin af Kristínu Loftsdóttur, prófessor í mannfræði og Helgu Björnsdóttur aðjúnkt í mannfræði en báðar starfa við Háskóla Íslands. Rannsóknin er sambærileg rannsókn þeirra Connell og Wood. Rannsókn þessi, ber heitið „Áhættusækni í útrásargleði: Karlar og konur í bönkum og fjármálafyrirtækjum“⁶¹ og byggir á viðtölum við starfsfólk banka-og fjármálageirans en þessi rannsókn felur einnig í sér viðtöl við konur í þessum starfsgreinum, öfugt við áströlsku rannsóknina. Ástæðan fyrir þessari tilhögun rannsóknarinnar er sú að þær Kristín og Helga vilja undirstrika þátt kvenna í mótun karlmennsku í samfélögum en það gera þær með því að gangast við og hampa þeim gildum sem viðskiptakarlmennskan hefur í hávegum. Kvenkyns viðmælendurnir veita því einnig innsýn inn í hugarheim viðskiptakvenna, hugmyndir þeirra um karlmennsku og hvernig fjármálaheimurinn horfir við þeim.⁶² Viðmælendur rannsóknanna tveggja svara ýmsum spurningum sem lúta að lífsviðhorfum, vinnuaðferðum, fjölskyldulífi, líkamanum og almennum gildum.

Ákveðin hugmynd liggur sem rauður þráður í gegnum viðtölin sem lýtur að því að viðskiptamennirnir horfa á líf sitt sem fyrirtæki sem þeir stjórna (e. manage). Þetta rennur stöðum undir sjónarmið Connell um að kyngervi sé ekki einskorðað við neitt eitt, það tiltaki öll svið mannlífsins.⁶³ Þeir beita aðferðum viðskiptanna á eigið líf, tilfinningar, sambönd og líkama sem lýsir sér í þeim hugmyndum að allt sé mælanlegt og láti að stjórn þrátt fyrir að jafnan séu sviðin talin óútreiknanleg. Þetta er sérstaklega áberandi þegar líkamann ber á góma en með honum er mikið eftirlit, hann vigtaður og honum stjórnað. Einn þeirra talar um að fara þrisvar í viku til einkaþjálfara, skokka daglega og að vera meðvitaður um líkama sinn og heilsu.⁶⁴ Páll Skúlason gagnrýnir harðlega þennan hugmyndaheim og þá sérstaklega hugmyndina um manninn sem fyrirtæki. Í því samhengi talar Páll um hámrörkun hagnaðar í „mannlífsmarkaðinum“⁶⁵ í

⁶¹ Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, „Áhættusækni í útrásargleði: Karlar og konur í bönkum og fjármálafyrirtækjum“, *Iceland Review of Politics & Administration* [vefrit], 11/2 (2015). <<http://www.irpa.is/article/view/a.2015.11.6./pdf>>, sótt þann 1. júlí. 2016.

⁶² Sama heimild, bls. 233.

⁶³ Connell, R. W., *Gender in World Perspective*, Cambridge: Polity Press, 2009, bls. 11.

⁶⁴ Connell, R.W. og Wood, J. „Globalization and Business Masculinities“, bls. 355.

⁶⁵ Páll Skúlason, „Menning og markaðshyggja“, bls. 26.

stað banka-og fjármálamarkaðar til þess að undirstrika þá skaðsemi sem felst í því að áherslur fjármálageirans færast yfir á önnur óviðkomandi svið eins og hið líkamlega. Hann telur þetta í fullkomnu samræmi við þann boðskap sem hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar boðar. Páll kemur m.a. inn á aga viðskiptalífsins sem starfsfólkið beitir líkama sinn í eftirfarandi textabroti:

Þessi talsmáti og um leið skoðunarmáti breytir ekki aðeins ytra borði eða ásýnd þeirra sem tileinka sér hann, heldur tilvistarhætti þeirra, hvernig þeir eru: hugsa og haga sér — þannig að það skili sem mestum og bestum árangri. Vel að merkja: mælanlegum árangri sem er þar með álitinn óumdeilanlegur og öllum augljós.⁶⁶

Hugmyndin um að álíta líf sitt fyrirtæki, sem þeir sjálfir stjórna, á einnig við um óáþreifanlega hluti eins og tilfinningalífið sem þeir reyna að koma böndum á. Þeir tala um að beita tilfinningastjórnun í vinnunni með því að gera sér upp tilfinningasemi í því skyni að ávinna sér traust. Einn viðmælandinn talar um að þetta sé færni sem hann hefur þjálfað upp í vinnunni og að það hafi komið honum til góða.⁶⁷ Krafa um stjórnun sem tekur til allra sviða lífsins er svo eindregin að hún nær jafnvel yfir svið persónuleikans, sem þeir beina í ákveðna átt og móta í rétt form. Connell og Wood fjalla, þessu til stuðnings, um heilan anga sjálfshjálparbókmennta og hvatningarnámskeiða sem helgaður er stjórnun sjálfsins þar sem markhópurinn eru karlmenn í fjármálageiranum. Iðnaðurinn sem sprottið hefur upp byggist á hugmyndinni um aðlögun persónuleikans að þörfum viðskiptalífsins og tileinkun þeirra eiginleika sem eru til þess fallnir að veita viðkomandi brautargengi á sviði viðskiptalífsins.⁶⁸ Þá er persónuleikanum ekki einungis stýrt, heldur einnig fatavali. Jafnan hefur það verið sett í samhengi við persónulega tjáningu, því er þó ekki fyrir að fara innan þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku. Samkvæmt áströlsku rannsókninni er fatavalinu hagað með þeim hætti að heildarútlitið selji þá hugmynd að viðkomandi sé fullkomlega treystandi fyrir háum fjárhæðum fólks.⁶⁹

⁶⁶ Sama heimild, bls. 26.

⁶⁷ Connell, R. W. og Wood, J., „Globalization and Business Masculinities“, bls. 355-356.

⁶⁸ Sama heimild, bls. 360-361. Jordan Belfort er einn slíkra fyrirlesara sem heldur hvatningarnámskeið um heim allan en hann hefur meðal annars flutt fyrirlestur sinn hér á landi. Sjá Kolbeinn Tumi Daðason, „Fyrirlestur Jordan Belfort færður í minni sal“, Vísir.is, 6. maí, 2014, sótt þann 28. júlí, 2016 af: <http://www.visir.is/fyrirlestur-jordan-belfort-faerdur-i-minni-sal/article/2014140509437>

⁶⁹ Connell, R.W. og Wood, J. „Globalization and Business Masculinities“, bls. 353.

Ekki er nóg með að starfsfólk upplifi streitu við að reyna að halda í við ímynd þverþjóðlegrar viðskiptakarlmannsku utan vinnu heldur þarf það einnig að þola mikla streitu í vinnuumhverfinu sjálfu. Samkvæmt rannsókn Connell og Wood tala viðskiptamennirnir um kröfu fjármálageirans er varðar sífelldan hagnað og bætingu í starfi en einn viðmælendanna lýsir geiranum með frasanum „upp-eða-út“⁷⁰ en með því á hann við að sýni starfsmaðurinn ekki fram á marktæka bætingu í starfi sé honum ýtt til hliðar og ennfremur að það sé ekki hægt að treysta á nein tryggðarbönd af hálfu fyrirtækjanna, það þurfi einfaldlega að berjast af öllum mætti í gríðarlega kappsömu umhverfi. Um er að ræða þrúgandi ástand sem skapast hefur sökum harðrar samkeppni í vinnuumhverfinu.⁷¹ Það er því ekki að undra að fjölskyldulífið mæti afgangi þegar álagið er eins mikið og raun ber vitni. Þegar kemur að tilhugalífinu tala áströlsku viðskiptamennirnir um að vinnudagurinn sé jafnan langur og erilsamur og tíð flug á milli landa á vegum vinnunar séu illsamræmanleg fjölskyldulífi. Vinnutilhögunin skapar því ekki mikið ráðrúm fyrir heilbriggt fjölskyldulíf þar sem ekki gefst mikill tími til þess að hlúa að fjölskylduböndum.⁷² Einn viðmælendanna lýsir fyrirkomulagi ástarlífsins sem tvískiptu, þegar hann er heima er hann giftur og trúr konunni sinni en þegar hann ferðast á vegum vinnunnar stundar hann skyndikynni.⁷³ Í íslensku rannókninni er kastljósi einnig beint að því hvernig fjölskyldur viðskiptamannanna sitja á hakanum. Vinnufélagarnir hæla þeim sem fórna sem mestum tíma fyrir vinnuna sína. Sagðar eru hetjusögur af þeim sem fara heim úr fjölskyldufríum eða aflýsa þeim hreinlega vegna vinnu.⁷⁴ Í umfjöllun um tilhugalíf og þverþjóðlega viðskiptakarlmannsku fjalla Connell og Wood einnig um það mikla úrval kynlífsþjónustu sem þeim standi til boða á ferðalögum sem sé allt frá klámmyndum til skipulagðrar vændisþjónustu.⁷⁵

Íslenska rannsókn Kristínar og Helgu veitir innsýn inn í ákveðið baktjaldamakk sem er áberandi í geiranum en bæði karlar og konur segja frá svokölluðum karlklúbbum sem lýsa sér í því að karlar í svipaðri stöðu og með svipaða menntun koma saman í

⁷⁰ Sama heimild, bls. 356: mín þýðing á: „up-or-out“.

⁷¹ Sama heimild, bls. 356.

⁷² Sama heimild, bls. 359.

⁷³ Sama heimild, bls. 356-357.

⁷⁴ Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, „Áhættusækni í útrásargleði“, bls. 240.

⁷⁵ Connell, R.W. og Wood, J. „Globalization and Business Masculinities“, bls. 357.

veiði-og golfferðir hvar viðskiptasamningar eru gerðir og ýmsar nytsamlegar upplýsingar eru látnar í té.⁷⁶ Tveir karlmenn segja frá sínum upplifunum af þessari karllægu vinnuþvingu og tala báðir um ákveðna innbyrðis keppni karlanna þar sem helsta keppikeflið er harðneskjuleg framkoma þar sem reynt er að skapa sér ímynd manna sem láta sér hvergi bregða og ganga hart fram með svikum og blekkingum. „Allir í pissukeppni“⁷⁷ er setning sem einn viðmælandinn viðhafði um karlklúbbana. Konum og ákveðnum hópi karlmanna er að mestu meinaður aðgangur í ferðirnar og þannig haldið frá vitneskju og upplýsingum um stöðu hinna ýmsu mála.⁷⁸ Í bókinni *Gender in World Perspective* (2009) greinir Connell frá viðtali við kvenkyns yfirmann í fjármálagæiranum en hún hefur unnið sem miðlari. Hún tekur í sama streng og segir umhverfið og menninguna, þar sem viðskiptasamningar eru gerðir, einkennast mjög af karlmenskudýrkun (e. machoism). Þar sé oft áfengi haft um hönd og yfirgangssemi og ýtni viðtekin hegðun í þessum samskiptum.⁷⁹ Connell talar um að konur séu ekki eini hópurinn sem beri skarðan hlut frá borði í kynjakerfinu því þeir karlmenn sem geta ekki og/eða neita að aðlaga sig að kyngervi ráðandi karlmennsku og víki frá eiginleikum eins og hugrekki og áræðni, hljóti bággt fyrir.⁸⁰

Hjá viðmælendum Kristínar og Helgu ber mikið á eðlishyggju þar sem fólk talar um konur og karla út frá þeirra „upprunalegu eiginleikum“. Konur eru sagðar hafa sérstakt eðli sem lýsi sér í því að þær séu varfærnar, ragar, samviskusamar og dreifa frekar valdi en hitt. Körlum er aftur á móti lýst sem áhættu-og valdsæknum og að þannig séu þeir frá náttúrunnar hendi.⁸¹ Þetta helst í hendur í við niðurstöður orðræðugreiningar Juanitu Elias sem í grein sinni „Hegemonic Masculinities, the Multinational Corporation, and the Developmental State - Constructing Gender in „Progressive“ Firms“ sýnir fram á kynjað fyrirkomulag alþjóðafyrirtækja sem og kynjaða skipan starfseminnar. Hnattvæðingin sé síður en svo kynhlutlaus heldur þvert á móti mjög kynjuð pólitík.⁸²

⁷⁶ Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, „Áhættusækni í útrásargleði“, bls. 238-239.

⁷⁷ Sama heimild, bls. 239.

⁷⁸ Sama heimild, bls. 239.

⁷⁹ Connell, R. W., *Gender in World Perspective*, bls. 131-132.

⁸⁰ Sama heimild, bls. 7.

⁸¹ Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, „Áhættusækni í útrásargleði“, bls. 236-237.

⁸² Elias, Juanita, „Hegemonic Masculinities, the Multinational Corporation, and the Developmental State. Constructing Gender in „Progressive“ Firms“, *Men and Masculinities* [vefrit], 10/4 (2008) bls. 405, <<http://jmm.sagepub.com/content/10/4/405.full.pdf+html>>, sótt þann 18. febrúar, 2016.

Grein hennar leiðir í ljós að í textum alþjóðafyrirtækja fyrirfinnist orðræða sem sviði mjög til hefðbundinna sjónarmiða hinnar ráðandi karlmennsku í samfélaginu. Þar sé greinanleg kynjatvíhyggja og að gert sé ráð fyrir ákveðnum eiginleikum sem eignaðir eru kynjunum, hvoru um sig. Hún segir, ennfremur, að textarnir eigi það sammerkt að hygla og vegsama eiginleika sem falla undir þverþjóðlega viðskiptakarlmennsku.⁸³

Útrásar- og þverþjóðlega viðskiptakarlmennskan virðist ekki síður hafa haft mótandi áhrif á konur í heimi íslenska fjármálageirans. Nokkrir viðmælenda þeirra Kristínar Loftsdóttur og Helgu Björnsdóttur telja að þær konur sem verður vel ágengt í starfi, hafi tileinkað sér karllæga vinnuhætti. Þessar konur myndu teljast til styðjandi kvenleika (e. emphasized femininity) sem er hugtak sem felur í sér undirgefni við karla og þau sjónarmið sem flokkast undir það að vera karllæg. Með styðjandi kvenleika leggjast konurnar á árar við að viðhalda völdum karla og hins karllæga.⁸⁴ Einn karlkyns viðmælenda þeirra var á því máli að hvorki kyn né kyngervi væri áhrifaþáttur þegar kæmi að velgengni í starfinu, viðkomandi þyrfti einfaldlega að hafa „það sem þurfti til.“⁸⁵ Í anda einstaklingshyggju ættu því engar breytur að aftra því að hver sem er geti náð langt á sviðinu. Viðmælandinn gerir sér kannski ekki grein fyrir því að þeir þættir sem „þurfa til“ tengjast kynbúningi karla og þá sérstaklega þeirri tegund karlmennsku sem nefnist þverþjóðleg viðskiptakarlmennska þar sem þættir eins og áhættusækni og samkeppni eru í hávegum hafðir. Í sömu rannsókn Kristínar og Helgu kemur fram það sjónarmið að þær konur sem eiga velgengni að fagna í störfum sínum hafi einmitt tileinkað sér þessa karllægu þætti, þannig skiptir það öllu máli í hvaða ljósi konur sýna sig.⁸⁶

3.1 Karlmennska útrásarinnar

Ótal breytur hafa áhrif á mótun karlmennsku en landfræðileg breyta er einn áhrifaþáttur sem setur strik í reikninginn. Þrátt fyrir að eiga margt sameiginlegt með þverþjóðlegri viðskiptakarlmennsku sker karlmennska útrásarinnar sig úr með ýmsum áherslum eins og til dæmis minnum frá Víkingaöld. Í grein Kristínar Loftsdóttur sem birtist í *Ritinu*

⁸³ Sama heimild, bls. 406.

⁸⁴ Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, „Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni.“, bls. 227.

⁸⁵ Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, „Áhættusækni í útrásargleði“, bls. 240.

⁸⁶ Sama heimild, bls. 240.

fjallar hún meðal annars um sjálfsmynd íslensku útrásarinnar, sem flokkur íslenskra karlmanna var í forsvari fyrir.⁸⁷ Á góðæristímanum segir Kristín Þjóðina hafa haldið á lofti hugmyndum um sérstakt eðli Íslendinga, hún segir þá hafa sótt rök í sagnaarfinn og fundið samsvaranir milli landkönnuða frá upphafi Íslandsbyggðar og þeirra sem töldust til framvarðarsveitar viðskiptalífsins á góðærisárunum. Kristín telur þetta sýna fram á augljósa karllæga áherslu þar sem mikið er gert með karllæg gildi eins og áræðni, þor og landvinninga.⁸⁸ Eftir sem áður er viðskiptamannafylking Íslands nefnd „útrásarvíkingar“. Í kynjafræðilegri greiningu á rannsóknarskýrslu Alþingis taka þær Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir í sama streng og benda á að íslenska útrásin hafi einkennst af þjóðhverfum karlmennskuhugmyndum, viðskiptamennirnir hafi talið sjálfum sér trú um að þeir bæru höfuð og herðar yfir aðra vegna þess að þeir væru íslenskir og byggju yfir innsæi snillingsins sem gæti tekið ákvarðarnir hratt.⁸⁹ Hraðar ákvarðanatökur, byggðar á innsæi voru upphafnar í menningunni en undirbúningur, ígrundun og varkárni litið hornauga. Með hegðun sinni, stuðla valdamiklir menn í viðskiptalífínu að því að ákveðið viðmið verður til, sem aðrir í geiranum reyna að mæta.⁹⁰ Greiningin leiðir einnig í ljós að eitt séreinkenna karlmennsku útrásarinnar er fyrirbrigði sem þær nefna samkeppnis- og samtryggingarkarlmennska. Bæði hugtökin eru virk á sama tíma en með samkeppniskarlmennsku eiga þær við innbyrðis samkeppni íslensku viðskiptamannanna. Hún kristallast í því að þeir hneigjast frekar til samkeppni *sín á milli* frekar en samkeppni við erlenda aðila og þessi samkeppni etur þeim út í enn frekari áhættusækni en ella. Samtryggingarkarlmennskan felst í óformlegu tengslaneti karla þar sem þeir veita hver öðrum tækifæri og völd.⁹¹

⁸⁷ Kristín Loftsdóttir, “Kjarnmesta fólkið í heimi: Þrástef íslenskrar þjóðernishyggu í gegnum lýðveldisbaráttu, útrás og kreppu.“ *Ritið*, 9: 2-3/2009, ritstj. Ásdís R. Magnúsdóttir og Björn Þorsteinsson, bls. 113-139.

⁸⁸ Sama heimild, bls. 127.

⁸⁹ Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, „Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni.“, bls. 235.

⁹⁰ Sama heimild, bls 237.

⁹¹ Sama heimild, bls 247-251.

3.2 Stofnana-og fyrirtækjasiðblindingjar þenja út mörkin

Rannsóknir hafa sýnt að sameiginlegir snertifletir þverþjóðlegrar viðskiptakarlmannsku og siðblindu eru fjölmargir og þess verður að gaumgæfa nánar. Þótt ekki sé æskilegt að fullyrða um of verður að líta til þess að fjöldi siðblindingja er þó nokkur innan fjármálagæirans og einnig umsvif þeirra en það eru einmitt siðblindingjar sem eru helstu leikendur í skáldsögunni sem hér er til skoðunar. Í ástralskri rannsókn Clive R. P. Boddy⁹² frá árinu 2010 á siðblindu starfsfólks í hvítflibbastörfum var ætlunin sú að rannsaka hvort siðblindingja væri að finna í ríkari mæli í einhverri ákveðinni gerð af stofnunum umfram aðrar. Gátlisti fyrir siðblindu var lagður fyrir 346 starfsmenn hvítflibbastarfa en þeir svöruðu eftir því sem við átti um persónuleika yfirmanna sinna. Um gátlistann er vanalega haft orðið gullinstaðall (e. the gold standard tool) vegna áreiðanleika hans. Útkoman leiðir í ljós að allt að 32% starfsfólks höfðu einhvern tíma unnið fyrir siðblindingja en að 5,75% ynnu ennþá undir stjórn siðblindingja⁹³ og enn fremur að hæsta hlutfall siðblindingja væri að finna í fjármálagæiranum og hjá hinu opinbera.⁹⁴ Siðblindingjarnir sem Boddy fjallar um í rannsókninni falla ekki að staðalmyndum fólks um hinn ofbeldishneigða siðblindingja sem kemst æ ofan í æ í kast við lögin. Siðblindingjar einskorðast nefnilega ekki við þá sem hneigjast til eiginlegra ofbeldisverka, það fyrirfinnist líka afbrigði af siðblindum einstaklingum sem eru ekki hneigðir til ofbeldisverka og geta þar af leiðandi „farið huldu höfði“ með persónuleikaröskun sína og átt tiltölulega árangursríkt líf í samfélagi manna. Um slíka siðblindingja er vanalega haft hugtakið árangursríkur siðblindingi (e. successfull psychopath)⁹⁵, einmitt vegna þess að honum tekst (með árangursríkum hætti) að halda sér frá stofnunum sem koma jafnan böndum á hann eins og geðdeildum og fangelsum.⁹⁶ Í ljósi hás hlutfalls

⁹² Boddy, R. P. Clive, „Corporate Psychopaths and organizational type“, *Journal of Public Affairs* [vefrit], 10/4 (2010). <<http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1002/pa.365/full>> Sótt þann 20. júní, 2016.

⁹³ Sama, bls. 306.

⁹⁴ Sama, bls. 309.

⁹⁵ Ekki ríkir einhugur um hugtakið árangursríkur siðblindingi en Dr. Robert D Hare, sem framarlega er í flokki þeirra sem leggja stund á siðblindurannsóknir, vill hverfa frá hugtakinu og vill heldur nota orð sem vísar til undirflokks siðblindu, á ensku er hugtakið „subcriminal psychopath“. Sjá: Robert D Hare, *Without Conscience*, New York: The Guilford Press, bls.113.

⁹⁶ Boddy, R. P. Clive, „Corporate Psychopaths and organizational type“, bls. 301. Fengið úr Babiak, P. og Hare, R.D., *Snakes in suits: when psychopaths go to work*, HarperCollins, New York, 2006, Clarke, J., *Working With Monsters: How to identify and protect yourself from the workplace psychopath*, Random

siðblindingja sem manna ábyrgðastöður innan fjármálageirans er þarft að skoða hvernig persónuleikaröskunin hefur sett sitt mark á hinn félagslega búning þverfaglegrar viðskiptakarlmennsku og í raun tekið kyngervið út á ystu nöf og út yfir þau mörk sem við kennum við heilbrigða skynsemi. Til þess að glöggva okkur betur á birtingarmynd röskunarinnar innan þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku er viðeigandi að skoða hvernig fræðimenn á sviði geðraskana lýsa siðblindu og ennfremur hvernig þeir haga sér að störfum innan fjármálageirans.

Siðblindingjar hafa ekki til að bera miklar tilfinningar og skortir að öllu leyti samvisku. Eðlilega fær það því hvorki á þá hvernig þeir sjálfir haga sér né heldur slæmar afleiðingar sem hljótast af gjörðum þeirra. Siðblindu fólki stendur nákvæmlega á sama um tilfinningar annarra, það er ófært um að finna til samlíðunar (e. empathy) með öðrum og ennfremur hefur verið bent á að það öðlast spennu við að særa aðra eins og til dæmis við það að reka fólk úr vinnu.⁹⁷ Boddy hefur tekið saman alla þá þætti sem einkenna störf stofnana-og fyrirtækjasiðblindingja. Hann talar um að hægt sé að þekkja þá á því að þeir stuðli að eitruðu vinnuumhverfi. Starfsmenn eru lagðir í einelti, kaffærðir í vinnu sem þeir inna af hendi án leiðsagnar í réttri úrvinnslu verkefna. Það er eftirtektarvert, í ljósi þess að fyrirtæki hagnast á góðri handleiðslu yfirmanna og skilvirkni sem af henni hlýst. Boddy segir í grein sinni að stofnana-og fyrirtækjasiðblindingjum standi jafnvel á sama um framgang fyrirtækjanna sem þeir leiða, það séu aðeins eigin völd, fjármunir og orðstír (e. prestige) sem skiptir þá sjálfa máli. Fólk sem vinnur fyrir siðblindingja fær enga viðurkenningu fyrir störf sín, fær jafnvel ekki að njóta heiðurs af eigin verkum og mikið er um stórar skyndiuppsagnir og óvægna meðferð.⁹⁸ Athafnasvið alþjóðafyrirtækja er gjarnan í löndum þar sem regluverkið er í lágmarki og framleiðslukostnaður er sem minnstur.⁹⁹ Starfsemi alþjóðafyrirtækja, með siðblindingja í broddi fylkingar, geta einkennst af því að mannréttindi starfsmanna eru virt að vettugi, þeim boðið upp á óheilmæmt og jafnvel

House, 2005., Morse, G., „Executive psychopaths“, *Harvard Business Review* [vefrit], 17/12 (2004). <<https://hbr.org/2004/10/executive-psychopaths>> Sótt þann 27. júlí, 2016 og Newby, J., *Corporate Psychopaths*, In Catalyst, Australia, 2005.

⁹⁷ Boddy, R. P. Clive, „Corporate Psychopaths and organizational type“, bls. 302-303.

⁹⁸ Sama, bls. 304. Fengið úr Jones, M.T., „Transnational corporation, corporate social responsibility and the ‘outsourcing’ debate.“, *Journal of American Academy of Business*, 6: 2/2005, bls. 91-97.

⁹⁹ Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjamindir og kyngervi nýfrjálshyggjunnar“, bls. 198.

hættulegt vinnuumhverfi og langa, streituvaldandi vinnudaga. Starfsemi þessara fyrirtækja hefur oftast en ekki eyðileggjandi áhrif á umhverfið því stofnana-og fyrirtækjasiðblindingar skeyta engu um afleiðingar gerða sinna, því tilgangurinn helgar meðalið jafnvel þó um sé að ræða óafturkræfar afleiðingar, svo sem eins og loftslagsbreytingar.¹⁰⁰

Sjálfur Boddy er ómyrkur í máli þegar hann fullyrðir að niðurstöður rannsóknarinnar hafi beina skírskotun í alþjóðlega efnahagshrunið og að það sé vel hægt að draga þá ályktun að siðblindingar í stjórnunarstöðum fjármálageirans hafi valdið því.¹⁰¹ Tengingin við siðblinduna og mikilvægi þess að hún sé rædd hér, felst ekki síst í eindregnum kröfum almennings í kjölfar efnahagshrunsins 2008 sem voru einmitt fyrst og fremst ákall um aukið siðferði, gagnsæi í stjórnarháttum og jafnvel innlimun siðfræðikennslu í viðskiptafræðideildir háskólanna.¹⁰² Enginn vafi liggur á því að í aðdraganda efnahagshrunsins 2008 eru framdar siðferðilega ámælisverðar gjörðir þó svo að þær varði ekki allar beint við landslög. Við þessu siðferðislega ámælisverða ástandi sem skapaðist er haft hugtakið gildishrun sem er ekki síður mikilvægt að fjalla um til jafns við hið efnahagslega. Í þessu samhengi talar Salvör Nordal um einn þeirra þátta sem vafalaust hefur sett strik í reikning efnahagshrunsins en það er lögvæðingarhugsunarhátturinn en í honum felst að hugsa ávallt sem svo að ef tiltekin gjörð er ekki bönnuð með lögum, sé hún í lagi og að mikið kapp sé lagt í það að finna glöppur í lögum til þess að ná sínu fram.¹⁰³

¹⁰⁰ Boddy, R. P. Clive, „Corporate Psychopaths and organizational type“, bls. 304.

¹⁰¹ Sama heimild, bls. 309.

¹⁰² Páll Skúlason, „Allir þurfa að læra siðfræði“, PállSkúlason.is [blogg], 1. október, 2010 <<http://pallskulason.is/greinar/78-allir-thurfa-ad-laera-sidfraedi>> sótt þann 5. júlí, 2016. [Birtist upphaflega í Stúdentablaðinu, 3. tbl 2009.]

¹⁰³ Salvör Nordal, „Samfélagsleg ábyrgð í viðskiptalífínu“, bls. 102.

4. Bókmenntagreining Kvenna eftir Steinar Bragi: Hugmyndafraeði, táknmyndir og stjórnun

Eva Dögg Einarsdóttir og Hrafn, kærasti hennar, verða fyrir þeirri hræðilegu reynslu að missa ungabarnið sitt er þau búa á Íslandi og ná ekki að vinna úr því áfalli, hvorki í sameiningu né hvort um sig. Þau ákveða að stokka lífið upp og leita lausna í Ameríku en þau komast fljótlega að því að flutningarnir einir og sér laga ekki þá afleitu stöðu sem samband þeirra er komið í. Hrafn fer því til Íslands með því fororði að hann ætli að hugsa sinn gang en er í raun að losa sig undan ástarsambandinu. Það er á þessum myrku tímamótum, í lífi Evu, sem vont versnar og hún kemst í kynni við íslenska bankastrákinn Emil í miðstöð Kaupþingsbanka í New York. Sá, ásamt fleiri bankamönnum, er í slagtogi með hryðjuverkalistamanninum Novak. Emil skynjar hversu einangruð og berskjölduð Eva er og ákveður að nýta sér varnarleysi hennar og býður henni afnot af íbúð sinni sem er í háhýsi á Íslandi sem er í raun vettvangur grimmdarlegs gjörnings sem hún fléttast inn í. Dvöl Evu í háhýsinu markar upphafið að listgjörningi sem framinn er af Novak sem er af serbnesku bergi brotinn. Listgjörningi Novaks er gert kleift að verða að veruleika með fjárstuðningi og þátttöku fólks úr viðskiptalífínu sem Eva kemst í kynni við. Íbúar háhýsisins eru með í samsærinu en hún kynnist meðal annars þeim Atla Landsbankamanni, Rannveigu bankakonu og Bergþóru. Í samræðum þeirra á milli öðlast hún skilning á gildismati, áherslum og lifnaðarhátum fólks í fjármálageiranum. Listgjörningurinn sjálfur snýst í grófum dráttum um *stjórnun*; að ná yfirráðum á hugsuninni, tilfinningunni, viðbragðinu, hinu mannlega, hinu ófyrirsjáanlega og óstýriláta. Novak leitast við að ná stjórn á sjálfum lífsloganum, með því að slökkva hann. Í gjörningnum felst að Novak og starfsfólk fjármálageirans beygja undir vald sitt líf þriggja kvenna, Evu, Marie og Grace en þeim er öllum haldið föngnum á mismunandi tímaskeiðum, sem er eins konar innsetning; líkamar agaðir í búi. Lokaafraksturinn er nokkurs konar stafrænt myndskreið af lokastund kvennanna þriggja í háhýsinu. Upptökum af þeim er skeytt saman í eitt og klippt saman með þeim hætti að þær sjást sitja „saman“ við borð þar sem þær raða í sig pillum.¹⁰⁴

Konur er kyrfilega staðsett í menningarsögulegum tíma útrásarinnar og fer Steinar Bragi fjölmargar leiðir til þess að sýna fram á þá tengingu. Markaðsvæðingin

¹⁰⁴ Steinar Bragi, *Konur*.

flæðir yfir samfélagið og gegnsýrir menningu þess með ýmsum birtingarmyndum og má taka fréttirnar sem dæmi: „Eva tók eftir því hvernig fréttir af fiski, útgerð og kvóta höfðu að mestu vikið fyrir fréttum um viðskipti og banka - Glitni, Landsbanka, Kaupping, og talað var um „útrás“.¹⁰⁵ Fréttirnar seytla inn í vitund Evu og hún raular með sjálfri sér „Útrás, út...út...út...“¹⁰⁶ Með þessu sýnir Steinar Bragi fram á eina af þeim fjölmörgu leiðum sem ríkjandi hugmyndafræði, sem í þessu samhengi er nýfrjálshyggja og markaðsvæðing, gegnsýrir hvern krók og kima menningarinnar og kemur að ákveðnu leyti aftan að fólki eins og í þessu tilviki. Í bókinni er að finna aragrúa leyndra og ljósra vísana í fjármálakerfið og lesendur upplifa menninguna með framandi hætti í gegnum vitundarmiðjuna, Evu, og hennar glögga gestsauga því hún upplifir Ísland á annan hátt og meira eins og aðkomumanneskja því hún hefur dvalið fjarri Íslandsströndum um langt skeið. Áberandi er einmitt hnattrænt skipulag kapítalismans þar sem sögusviðið er Ísland og New York og flestar sögupersónurnar eru með annan fótinn í öðru landi, hvort sem um er að ræða föðurland þeirra eða landið sem þær hafa atvinnu í. Upphaf sjálfs gjörningsins, sem Eva fléttast óviljandi inn í, á sér einmitt stað í miðstöð Kaupþingsbanka í New York, hjá bankamanninum Emil.¹⁰⁷

Saga *Kvenna* gerist að meginhluta til í auðugra manna háhýsi sem veit út að Sæbraut¹⁰⁸ en þrátt fyrir að sögusviðið sé ekki eiginlegur banki er það sannarlega gegnsýrt af banka- og fjármálamenningu. Viðskiptamenningin er færð inn í háhýsið með þeim hætti að flestir íbúanna tengjast með beinum og/eða óbeinum hætti fjármálalífínu: Eigandi íbúðarinnar sem Eva dvelur í er Emil Þórsson sem er starfsmaður Kaupþings¹⁰⁹, Elín er fyrrverandi kona Glitnismanns¹¹⁰ og Atli er Landsbankamaður. Þá er Rannveig háttsett kona í viðskiptalífínu og er sögð vera næsti forstjóri Íslands,¹¹¹ vinkonur hennar eru tengdar viðskiptalífínu með þeim hætti að Hulda er viðskiptafræðimenntuð og Sonja

¹⁰⁵ Sama heimild, bls. 28.

¹⁰⁶ Sama heimild, bls. 28.

¹⁰⁷ Sama heimild, bls. 131.

¹⁰⁸ Það má til gamans geta að þetta háhýsi er raunverulega til. Sjá: Ritstjórn Kjarnans, „Topp 5: Slæmar byggingarákvarðanir“, Kjarninn, 15. júlí, 2015, sótt þann 20. júlí, 2016 af: <http://kjarninn.is/frettir/topp-5-slaemar-byggingarakvarðanir/>

¹⁰⁹ Steinar Bragi, *Konur*, bls. 8.

¹¹⁰ Sama heimild, bls. 16.

¹¹¹ Sama heimild, bls. 52.

stundar nám í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.¹¹² Að lokum ber að nefna sjálfan Novak, aðalhönnuð listgjörningsins en hann er giftur inn í rússneska olfu-og bankafjölskyldu.¹¹³ Snorri, húsvörður, segir að íbúðaverðið sé hátt í háhýsinu og má leiða líkur að því að íbúarnir séu stórefnaðir.¹¹⁴ Þessir íbúar, sem eru virkir þátttakendur í gjörningnum, fara á stað sem sérstaklega er markaðssettur fyrir hæst settu stjórnendur viðskiptalífsins, á eins konar vínveitingastað fyrir forstjóra (e. executive's lounge).¹¹⁵ Þegar langt er á veg komið með gjörninginn leiðir frásögnin okkur inn í opnunarteiti Novaks sem fram fer í íbúð Emils. Þar er samankominn múgur og margmenni fólks hvaðanæva úr hinum hnattræna heimi fjármálageirans.¹¹⁶ Lesendur eru dregnir inn í hringiðu fjármálamenningar þegar hún stendur sem hæst, fyrir íslenska bankahrunið 2008. Það er þessi menning sem ætlunin er að skoða sérstaklega í þessum grein- ingarkafila. Leitast verður við að kortleggja þverþjóðlega viðskiptakarlmennsku og varpa ljósi á þá þætti hennar sem birtast lesendum *Kvenna* og ekki síst þær hliðar sem okkur eru ekki sýndar. Nú verður sjónum beint að fyrirferðamestu táknmyndum þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku sem finna má í *Konum*.

Framsetning á hugmyndum getur tekið sér bólfestu í „dauðum“ hlutum sem standa þá sem merkingarbærar táknmyndir. „Hver varða/stytta/bygging/táknmynd getur [...] sagt sína eigin sögu og verið fánaberi ákveðinnar hugmyndar, eða hugmyn- dafræði.“¹¹⁷ Háhýsið við Sæbrautina er ein markverðasta táknmynd hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar og þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku sem finna má. Í stef- nuyfirlýsingu (e. manifesto) sinni segir Steinar Bragi eftirfarandi um það sem háhýsi borgarinnar tákna, eins og þau birtast honum:

¹¹² Sama heimild, bls. 8.

¹¹³ Sama heimild, bls. 81.

¹¹⁴ Sama heimild, bls. 57.

¹¹⁵ Sama heimild, bls. 92.

¹¹⁶ Sama heimild, bls. 176.

¹¹⁷ Kjartan Már Ómarsson, „Týndi sonurinn: Hugleiðing um líkneski Leifs heppna Eiríkssonar.“ *Ritið* 15: 1/2015, ritstj. Kristinn Schram og Jón Ólafsson, bls. 57-84, hér bls. 58.

Þetta vald – og sú yfirsýn sem nærir valdið, um leið og hún er skilgreind af því – er raungert í háhýsinu, þessum kassalaga og speglandi minnisvarða hagkvæmninnar. Meðan hinn almenni borgari lifir og hrærist í sínum þrönga veruleika niðri við jörðina – án yfirsýnar gengur hann gljúfrin rýnandi í angist sinni uppávið til flugvéla og háhýsa – situr upphafið og næstum ójarðneskt valdið „af guðs náð“ bakvið speglandi gler sín, öruggt í þeim forrét[t]indum sínum að sjá en verða ekki séð. Sú yfirsýn sem fylgir valdi þessarar guðlegu hagkvæmni hefur, hins vegar, andstöðu sína í óreiðukenndum straumi þeirra sem ganga göturnar niðrifyrir: lífið í „neðra“ einkennist af tregðu, skilningsleysi og brotum, einstaklingnum utan alls samhengis – hinu einstaka utan hins almenna.¹¹⁸

Hér sýnir Steinar Bragi fram á það vald sem hátt sett fólk í viðskiptalífinu hefur, það hefur allar helstu upplýsingarnar á reiðum höndum, eins og við sjáum svo skýrt á öllu tali forstjóranna í viðtölum Connell og Wood. Við sjáum einnig hvernig konum fjármálageirans er að mestu haldið utan við mikilvægar upplýsingar sem eru láttnar í té innan tengslanets karla.¹¹⁹ Valdamestu einstaklingarnir í viðskiptalífinu eru þeir sem mesta yfirsýn hafa, ásamt skilningi á kerfinu því þeir eru einstaklingarnir sem hafa lagt línurnar innan þess, sem er óneitanlega betri staða en hinn almenni borgari hefur, sem skilur ekki kerfið sem hann er (óviljandi) partur af. Ef allir hefðu fullan skilning og skýra sýn yfir það hvernig fjármálakerfið virkar, væri það ekki eins ósanngjarnt og raunin ber vitni. Þeir sem tróna á toppi þessa píramída, sem fjármálakerfið er, hagnast á skilningsleysi almennings og vilja einfaldlega að hann borgi sín gjöld og sína skatta möglunarlaust. Eins og áður hefur komið fram í ritgerðinni er *vald* eitt af aðalsmerkjum

¹¹⁸ Steinar Bragi, „Pistill frá Steinari Braga: Manífestó um upphaf nýs árpúsunds“, *Bókmenntir.is*, 2003, sótt þann 20. júlí, 2016 af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3900/6556_read-18333/RSkra-111

Í þessu broti af stefnuyfirlýsingu sjáum við hvernig Steinar Bragi tekur mið af heimsspeki Michel Foucault um Alsjána (e. Panopticon). Með kenningu Foucault leggur hann út af fangelsis/eftirlitsbyggingu sem Jeremy Bentham hannaði (en aldrei varð að veruleika). Alsjárbyggingin er hringlaga turn og var ætlunin sú að fangarnir væru í klefum á ytri jaðri hringins en vaktmaður staðsettur í miðju turnsins sem gæti þá haft auga með öllum föngunum í einu, hugmynd sem átti að auka skilvirkni og aga fangana til réttar vegar. Fangarnir myndu þá hafa eftirlit með sjálfum sér því þeir vissu aldrei hvenær vaktmaðurinn væri að horfa og hvenær ekki, þannig taka þeir, ómeðvitað, sjálfir að sér ögunarvaldið. „hann færir valdaafstæðurnar inn í sjálfan sig og tekur á sig hlutverk beggja aðila; meginregla undirokunar hans sjálfs rennur honum í merg og bein.“ Foucault, Michel, „Alsæishygja“, *Alæi, vald og þekking: Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Garðar Baldvinsson, þýð. Björn Þorsteinsson, Garðar Baldvinsson og Sigurður Ingólfsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 129-169, hér bls. 140. Steinar Bragi líkir auðmönnum háhýsanna við varðmanninum í miðju eftirlitsbyggingarinnar, þeir draga vald sitt í því að hafa upplýsingar og yfirsýn á takteinum. Vert er að taka fram að *Konur* er hlaðin vísunum í kenninguna um Alsjána sem ekki er hægt að gera nægilega grein fyrir í þessari ritgerð sökum plássleysis, það er efni í aðra ritgerð.

¹¹⁹ Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, „Áhættusækni í útrásargleði“, bls. 238-239.

þverþjóðlegrar viðskiptakarlmannsku og í raun allra karlmennskuhugmynda.¹²⁰ Oftast er talað um líkamlegan styrk sem lið í karllægu valdi en athyglisvert er að sjá að í þverþjóðlegri viðskiptakarlmannsku er það ávinningur yfirsýnarinnar sem nærir valdastöðu þeirra, sem er greitt aðgengi að miklum fjármunum.¹²¹ Speglandi gler Steinars Braga hefur þá virkni að valdamesta fólkið athafnar sig í myrki, óséð frá hinum almenna borgara en aftur á móti sjá þeir allt út um glugga skýjakljúfa sinna og hefja sig þannig, í bókstaflegri merkingu, upp yfir almenning í landinu. Þannig getum við hæglega séð hvernig fjármálamenning og hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar tekur sér bólfestu í þeirri tákmynd sem byggingin er. Einnig væri hægt að líta á efstu hæð háhýsisins sem tákmynd fyrir stöðu sjálfrar þverþjóðlegrar viðskiptakarlmannsku sem trónir efst í stigveldi mismunandi karlmennskuhugmynda eins og Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir tala um í kynjagreiningu á rannsóknarskýrslu Alþingis.¹²²

Háhýsið er ekki aðeins til aðgreiningar fátækra og ríkra heldur er það einnig tákmynd skilvirkni og yfirborðsmennsku sem er miðlæg í þverþjóðlegri viðskiptakarlmannsku. Þá sjá lesendur vilja glæpafólksins opinberast í nokkrum af þeim tilbrigðum tæknilegra nýjunga sem finna má innanhúss. Að innanverðu er íbúðin köld og sneydd litum og mannlegri hlýju og ber þess í raun ekki merki að nokkur búi í henni. Húsbúnaður og innanhússkreyting gefur til kynna að eigandi hennar viti ekki aura sinna tal. Mismunandi stíltegundum ægir saman því Emil kaupir einfaldlega það dýrasta í öllum vöruflokkum, án þess þó að það hlutirnir passi endilega saman.¹²³ Íbúðin, sem

¹²⁰ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, bls. 58.

¹²¹ Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, „Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni.“, bls. 242.

Nærtækasta dæmið um mikilvægar upplýsingar og yfirsýn á kerfið er þegar innherjaupplýsingar gengu á milli þeirra sem í raun áttu mest þegar hrúnið var yfirvofandi. Tvö dæmi af handahófi eru annars vegar þegar Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri Fjármálaráðuneytisins og hins vegar Almenni lífeyrissjóðurinn nýttu, í eigin þágu, innherjaupplýsingar sem ekki voru aðgengilegar grunlausum almenningi. Eitt umfangsmesta efnahagsbrot Íslandssögunnar, Al-Thani málið, hverfist um það hvernig fjórmennningar sem voru þar í aðalhlutverki, settu á svið viðskiptafléttu til þess að gefa ranga mynd af stöðu bankans með markaðsmisnotkun sinni; gáfu út rangar upplýsingar til þess að blekkja markaðinn. Sjá Ritstjórn Morgunblaðsins, „Dómur yfir Baldri staðfestur“, *Morgunblaðið*, 17. febrúar, 2012, sótt þann 20. júlí, 2016 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/02/17/domur_yfir_baldri_stadfestur/ og Ritstjórn Viðskiptablaðsins, „FME sektar Almenna lífeyrissjóðinn: Fjármálaeftirlitið sektar almenna lífeyrissjóðinn fyrir að eiga viðskipti á sama tíma og hann bjó yfir innherjaupplýsingum.“ *Viðskiptablaðið*, 26. febrúar, 2016, sótt þann 20. júlí, 2016 af <http://www.vb.is/frettir/fme-sektar-almenna-lifeyrissjodinn/125438/>

¹²² Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, „Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni.“, bls. 222.

¹²³ Steinar Bragi, *Konur*, bls. 9 og 12.

hún væri lifandi, því sem næst, „gleypir“ Evu með veggjum sínum og inni í þeim eru augu sem fylgja henni, úr öllum mögulegum sjónarhornum, hvert fótínál, sem er augljós vísun Steinars Braga í alsæiskenningu Michel Foucault. Með virkni sinni tákna íbúðin viðskiptalífið sem sýnir fram á óþrjótandi skilvirkni, kulda og tilfinningaleysi og jafnvel væri hægt að sýna fram á líkindi íbúðarinnar við samvaskulausu stofnana- og fyrirtækjasiðblindingjanna sem gert var grein fyrir í fræðikaflanum því þeir athafna sig líkt og vélar sem keyra áfram í sinni eigin hagsmunavegferð því þeir hafa ekki samvasku sem heldur aftur af þeim.¹²⁴ Eva er bæði grun- og valdalaus andspænis ofurefli vélvæddrar íbúðarinnar eins og almenningur er andspænis stofnana- og fyrirtækjasiðblindingjum sem fyrirfinnast í einhverjum mæli í efri lögum viðskiptalífsins. Íbúðin er því, sem fyrr segir, virk í merkingarsköpun textans.

Annað tákni sem mikilvægt er þverþjóðlegri viðskiptakarlmennsku er klæðnaður viðskiptamanna en hann er liður í því að skapa þeim ákveðna ímynd fágunar, ríkidæmis og trausts. Klæðnaður þeirra er svo einkennandi að vel er hægt að tala um jakkaföt sem eina sterkustu tákni mynd þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku. Þannig á viðkomandi starfsmaður að markaðssetja sjálfan sig, sem væri hann vörumerki. Í rannsókn Connell og Wood koma þessi sjónarmið fram er varða ákjósanlegan klæðaburð í viðskiptalífinu og er hann settur í samband við þá hugmynd að fötin séu traustleikamerki; að viðeigandi klæðaburður sé frekar til þess fallinn að fólk treysti viðkomandi fyrir háum upphæðum.¹²⁵ Fataval hefur löngum verið sett í samhengi við persónulegan stíl og að einstaklingar eigi að fara eftir eigin smekk þegar kemur að vali á sniði, litum og stíl en innan þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku ríkir ákveðið samkomulag um að fataval sé frekar liður í því að mæta kröfu um heildarímynd fyrirtækja í viðskiptalífinu sem eru til dæmis aðsniðin jakkaföt og dýrar merkjavörur.¹²⁶ Hugmyndin um samspil fatnaðar og hughrifa kristallast í því að þegar Eva vaknar í ókunnugu húsi, veit hún samstundis hvers konar manneskja býr þar þegar hún rýnir í fataskáp eigandans. Það sem fyrir augu hennar ber eru tugir einsleitra jakkafata og hún segist greina „metnaðarlykt“¹²⁷ innan úr

¹²⁴ Clive, R. P. Boddy, „Corporate Psychopaths and organizational type“.

¹²⁵ Connell, R.W., og Wood, J., „Globalization and Business Masculinities“, *Men and Masculinities* 7 bls. 353.

¹²⁶ Sigurhanna, „Fatatískan í fjármálaheiminum“, *Viðskiptablað Morgunblaðsins*, 25. maí, 2006, sótt þann 1. september, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1084381/>

¹²⁷ Steinar Bragi, *Konur*, bls. 91.

skápnum. Eitt fatamerkjanna sem hún greinir í fataskápnum er Lacoste en krókóðíllinn, sem er kennimerki fatnaðarins, skapar með Evu hugrenningatengsl við beinharða peninga.¹²⁸ Steinar Bragi tekur að lýsa þessum yfirborðslega þætti viðskiptalífsins og útlistar á mjög nákvæman hátt útbúnað þeirra karlmannna sem falla undir þverþjóðlega viðskiptakarlmennsku. Dæmi um þetta er þegar Emil bankamanni er lýst en þar segir að Emil sé einn þeirra sem sé í óða önn að klífa upp metorðastigann og að ljóst sé að hann leggi mikið upp úr lýtalausú útliti og reyni eftir fremsta megni að bera sig eftir nýtískulegum straumum en þó þannig að lítið beri á því.¹²⁹ Til þess að undirstrika þennan þátt karlmenskunnar enn frekar fangar Eva anda opnunarteitis listgjörningsins með því að segja: „Flest fólkið var í jakkafötum.“¹³⁰ Þetta var sérleg samkoma fólks hvaðanæva úr hinu hnattræna viðskiptalífi. Þannig er fatnaðurinn notaður til þess að skapa hughrif hjá fólki og vekja upp ákveðna stemningu sem nær yfir hóp þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku.¹³¹

Í þeirri vegferð að færa heim viðskiptalífsins inn í sögusvið *Kvenna* nemur Steinar Bragi ekki staðar við útlitun klæðnaðar viðskiptafólksins heldur tekur hann einnig að gera agavaldi hugans skil. Með því er átt við að viðskiptafólkið beitir sig sjálft agavaldi sem hægt er að segja að komi að góðum notum í störfum þeirra en algengt er innan þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku að því sé einnig beitt á þeirra eigin líkama. Hér er því enn eitt sviðið þar sem aðferðum viðskiptanna er beitt til þess að ná árangri annars staðar en í eiginlegum viðskiptum en þarna er gengið svo langt að menn *holdgera* þessar hugmyndir. Agavaldið felur í sér tvíhyggju hugar og líkama. Hugurinn á að aga og beygja líkamann undir vilja sinn. Þannig er ekki hugsað um heildarsamspil líkama og hugar og umkvartanir líkamans eru virtar að vettugi. Bergþóra dregur Evu í ræktina og þvingar hana til þess að æfa¹³², sama hvernig ástatt er um líkama hennar, hún var til dæmis búin að vera að drekka í miklu óhófi kvöldið áður og líkaminn því í vatnsskort. Þáttur líkamsræktarsalarins dregur því fram þann þátt þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku sem lýtur að útlitsdýrkun og þá ofuráherslu á stjórnun líkamans í

¹²⁸ Sama heimild, bls. 91.

¹²⁹ Sama heimild, bls. 132.

¹³⁰ Sama heimild, bls. 177.

¹³¹ Sólveig Baldursdóttir, „Klæðnaður fólks í viðskiptum: Rætt við Önnu Gunnarsdóttur lita-og fastílsleiðbeinanda“ *Frjáls verslun*, 50: 3/1991, ritstj. Jón G. Hauksson, bls. 54-57, bls. 54.

¹³² Steinar Bragi, *Konur*, bls. 43-53.

hvívetna. Í líkamsræktinni birtast Evu líkamar sem búið er að steypa í ákjósanleg mót eins og líkama Atla, Landsbankamanni sem er lýst sem stæltum¹³³, líkama Nödjú er lýst sem fullkomnum¹³⁴ og þá er líkama Rannveigar bankakonu lýst sem sólbrúnum og stæltum¹³⁵ en þó bölvur hún því að hafa þyngst um eitt og hálf kíló¹³⁶ sem sýnir fram á hvernig fylgst er með líkamanum, hvernig hann er vigtaður, beittur eftirliti og honum stjórnað. Lýtalaust útlit og stæltir líkamar gefa til kynna að viðkomandi sé með allt sitt undir stjórn og er að lokum sterk tákmynd sem óhjákvæmilega leiðir hugann að viðtölum Connell og Wood þar sem forstjórnarnir leitast við að stjórna líkamanum eins og um fyrirtæki væri að ræða: „Já, ég er fyrirtæki. Og ég stjórna því.“¹³⁷

4.1 Konur og styðjandi kvenleiki

Í þessari menningu, uppfullri af karllægum tákmyndum, reyna konur að hasla sér völl. Það er í raun kaldhæðnislegt að Eva berst af jafn mikilli hörku fyrir því að sleppa út úr fjármálamenningunni og aðrar konur í samfélaginu fyrir því að brjóta sér leið inn í hana. Það gera þær til dæmis með því að aflæra kyngervi sem þær hafa verið skilyrtar af frá blautu barnsbeini. Afneitun kvenleikans og kvenlegra gilda í þeirri viðleitni að ná frama í karllægum heimi viðskiptalífsins kristallast í persónusköpun Rannveigar, sem orðið hefur vel ágengt í starfi með því að tileinka sér hegðunarmynstur og gildi þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku. Af rannsókn Kristínar og Helgu að dæma, sem tekur einnig mið af kvenkyns viðmælendum fjármálageirans, er þverþjóðleg viðskiptakarlmennska niðurstaðan af gagnverkun ráðandi karlmennsku og styðjandi kvenleika.¹³⁸ Án dyggs stuðnings kvenna við ráðandi karlmennskuhugmyndir er ekki víst að fjármálageirinn væri eins karllægur og raun ber vitni. Þetta kynjaða fyrirkomulag fjármálageirans er sýnt í bók Steinars Braga þar sem illvirkið er knúið áfram, aðallega af körlum en einnig af fáeinum konum sem í orði og gjörðum sýna styðjandi kvenleika. Í samtali Rannveigar og vinkvenna hennar kristallast fyrirbrigðið styðjandi kvenleiki en þær berjast í raun

¹³³ Sama heimild, bls. 46.

¹³⁴ Sama heimild, bls. 80.

¹³⁵ Sama heimild, bls. 45

¹³⁶ Sama heimild, bls. 48

¹³⁷ Connell, R.W. og Wood, J. „Globalization and Business Masculinities“, bls. 355. Mín þýðing á: „Yes, I am an entity. And I manage that“.

¹³⁸ Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, „Áhættusækni í útrásargleði“, bls. 240.

á móti kvenfrelsisöflum þeim sem leitast við að rétta hlut þeirra innan fjármála- fyrirtækja og reyna að komast hjá femínískri gagnrýni.¹³⁹ Þær gera lítið úr þeim konum sem bregðast ókvæða við lítillækkandi ummælum karlkyns samstarfsaðila á vinnustað sem látin eru falla á grundvelli kynjamisréttis. Rannveig skrifar þetta á minnimáttarkennnd kvenna og mælist til þess að þær standi af sér áreitið og láti sér það í léttu rúmi liggja. Hún heldur því fram að sjálf viðbrögðin við misréttinu séu einmitt það sem haldi konum niðri.¹⁴⁰ Þær eiga því ekki að streitast á móti ríkjandi atvinnumenningu heldur laga sig að þeim karllægu starfsháttum sem fyrir eru. Rannveig og vinkonur hennar hæðast að jákvæðri mismunun og tala um vanhæfni þeirra kvenna sem hefðu „potast inn“ í störfin fyrir tilstilli þessa jafnréttistóls, sem er eitt þeirra fáu úrræða sem konur hafa andspænis kynjahallanum í efstu lögum viðskiptalífsins.¹⁴¹ Með tali Rannveigar og vinkvenna hennar annars vegar og reynslusögum kvenna í rannsókn Kristínar og Helgu hins vegar, er að finna heilmikla samsvörun. Mikið er talað um óskrifað valdboð þess efnis að þær skyldu laga sig að hinum karllæga heimi og tileinka sér bæði vinnubrögð og siðvenjur hans.¹⁴² Styðjandi kvenleikinn nær hámarki þegar Rannveig er sögð vera „næsti Bjarni Ármanns“¹⁴³, tileinkun karllægra gilda í fjármálamenningunni hefur náð slíkum hæðum að hún einfaldlega er „næsti karlmaður“, það er sem sagt ekki gerður neinn greinamunur á starfsháttum Rannveigar og Bjarna Ármannsonar, fyrrverandi bankastjóra Glitnis. Viðskiptalífið hefur til að bera svo ráðandi menningarlega slagsíðu karlanna að svo virðist vera að þrátt fyrir að konur starfi þar í auknum mæli, tekst þeim samt sem áður ekki að innleiða kvenleika eða gildi sem menningarlega hafa verið tengd við hann. Þær skortir vilja og/eða áhrifavald til þess að stokka upp í rótgróinni karlamenningu geirans. Til rökstuðnings er vert að taka fram að þegar þessi orð eru skrifuð, er engin kona forstjóri skráðs fyrirtækis í Kauphöll Íslands.¹⁴⁴

Listgjörningur bókarinnar er hannaður af körlum en látinn verða að veruleika með aðkomu beggja kynja en þrátt fyrir þá staðreynd notar Eva persónufornafnið „þeir“

¹³⁹ Steinar Bragi, *Konur*, bls. 52.

¹⁴⁰ Sama heimild, bls. 79.

¹⁴¹ Sama heimild, bls. 79.

¹⁴² Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, „Áhættusækni í útrásargleði“, bls. 240.

¹⁴³ Steinar Bragi, *Konur*, bls. 52.

¹⁴⁴ Guðmundur Pálsson, „Skjalftar, engar konur í Kauphöll og mygla“, RÚV, 29. ágúst, 2016, sótt þann 1. september, 2016 af: <http://www.ruv.is/frett/skjalftar-engar-konur-i-kaupholl-og-mygla>

þegar hún talar um misgjörðarfólk sitt þó svo að henni sé löngu orðið ljóst að þátttakerdur gjörningins eru af báðum kynjum: „þeir áttu ekki veruleikann“.¹⁴⁵ Eva veit að það er karllæg menning sem stendur að baki þeim hremmingum sem hún lendir í og að þær eru hugarfóstur þeirra. Imprað er á þessum þætti þegar Novak, listamaðurinn, talar um að vald sé í sjálfu sér karllægt og að konum sé það, í litlum mæli, „úthlutað“.¹⁴⁶

4.2 Vegsömun karllægra gilda

Þverþjóðlega viðskiptakarlmenntan og gildi sem eru í hávegum höfð í kreðsum viðskiptalífsins kristallast í listgjörningum hans Novaks. Persónusköpun listamannsins er með þeim hætti að henni svipar til mynsturs þverþjóðlegrar viðskiptakarlmenntu með áherslu sinni á hinn sterka, andúð á hinum „veika“ og hann upphefur og lofsamar eiginleika eins og áræðni, djörfung, frumkvæði, ágengni, framtakssemi og tilfinningaleysi.¹⁴⁷ Þrátt fyrir að hann sjálfur sé hvorki forstjóri né bankamaður, hefur hann eins og áður sagði, sterka tengingu inn í heim fjármálanna í gegnum eiginkonu sína sem kemur úr olú- og bankafjölskyldu¹⁴⁸ og hans heimssýn fer hönd í hönd við þá heimssýn sem tilheyrir þverþjóðlegri viðskiptakarlmenntu. Novak er mitt í þessari menningu, gjörningurinn sjálfur einkennist af áherslum þverþjóðlegrar viðskiptakarlmenntu þar sem verkvið listamannsins og fjármálaaflanna blandast því viðskiptamennirnir taka beinan þátt í listgjörningnum ásamt því að styðja fjárhagslega við hann. Listin fellur vel að málstað og heimssýn þeirra.¹⁴⁹ Hvað varðar þverþjóðlegu viðskiptakarlmenntuna er ljóst að orðræða Novaks felur í sér upphafningu gilda sem falla að karlmenntunni. Hann talar um að konur séu hráefni til formunar en geti ekki verið gerendur í sínu eigin lífi.¹⁵⁰ Novak reynir að sanna sig í menningu þverþjóðlegu viðskiptakarlmenntunnar, hann dregur styrk sinn úr því að vera andstæða Evu. Hún er fórnarlamb aðstæðna en þegar Eva hittir Emil er hún í rauninni í þann mund að missa frá sér sinn síðasta nána

¹⁴⁵ Steinar Bragi, *Konur*, bls. 146.

¹⁴⁶ Sama heimild, bls. 167.

¹⁴⁷ Sama heimild, bls. 162-168.

¹⁴⁸ Sama heimild, bls. 81.

¹⁴⁹ Þá á ég sannarlega ekki við að málstaður fólks í fjármálageiranum varði á einhvern hátt pyntingu kvenna, heldur á ég við þátt stjórnunar (e. management) sem liggur gjörningnum til grundvallar.

¹⁵⁰ Steinar Bragi, *Konur*, bls. 167.

ástvin, hún hefur nú þegar misst móður sína og dóttur. Eva er því brothætt, tæg á taugum og gæti í raun brostið á hverri stundu. Hún reynir að dreifa huganum og deyfa sig með áfengi og sígarettum. Eva er mjög taugaóstyrk og hefur því enga stjórn á sjálfri sér, öfugt við listamanninn Novak sem er yfirmáta yfirvegaður, með mikla sjálfsstjórn og hefur allt í hendi sér. Eva er listakona, eins og Novak, en leitast ekki við að vera *framúrskarandi* eins og hann sem gengur sífellt lengra í listsköpun sinni. Eva er veik, aðgerðalítill og valdalaus kona en Novak sterkur, ágengur og valdamikill karl. Eins og áður hefur komið fram tekur kyngervi einmitt mið af andstæðum, karlmennskunni er stillt upp á móti kvenleikanum.¹⁵¹

Í rannsókn Connell og Wood er ákveðið þema áberandi sem lýtur að því að mennirnir, sem rúmast innan mengis þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku, hugsa um sig sjálfa sem fyrirtæki sem þeir fara fyrir stjórn á og meðhöndla allt lífið með rökleiðslum og aðferðum sem þeim er uppálagt að beita í viðskiptalífínu. Í þeirri viðleitni að ná *árangri*, beita þeir sig sjálfa og aðra starfsmenn fjármálageirans ströngu eftirliti, leggja mikið kapp á að hafa nýjustu upplýsingar á takteinum, víkja frá tilfinningum í ákvarðanatöku og markmiðið, sem öllu liggur til grundvallar, er *háværkun hagnaðar*. Í skáldsögu Steinars Braga er nákvæmlega þessi hugsun færð inn á frásagnarsviðið, þar sem margar persónanna aðhyllast viðskiptalífsstílinn sem gegnir svo stóru hlutverki hjá þeim að hann tekur að einkenna hvern kima lífs þeirra. Rannveig stærir sig af því að vera „pakkfull af upplýsingum“¹⁵² sem er liður í valdi hennar yfir öðru fólki. Hún er hlaðin upplýsingum um fólk sem hún getur notfært sér. Framan af lokka nokkrar persónur fjármálageirans viðkvæmar persónulegar upplýsingar upp úr Evu og gera það með klækjabrögðum. Eitt þeirra mynstra sem Connell og Wood komu auga á, var stjórnun tilfinningasviðsins og að ekki er einungis reynt að koma böndum á stríðar tilfinningar heldur reyna þeir einnig að setja þær á svið, ef það hentar þeim að gera svo. Einn viðmælenda þeirra sagðist hafa náð tökum á því að stjórna tilfinningum sínum og gat, eftir hentisemi, skrúfað bæði upp í þeim og niður. Hann gerði svo vegna þess að honum þótti ávinningur af þeim þjálfaða „eiginleika“ í viðskiptum.¹⁵³ Emil notar þessa

¹⁵¹ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, bls. 58.

¹⁵² Steinar Bragi, *Konur*, bls. 85.

¹⁵³ Connell, R.W. og Wood, J. „Globalization and Business Masculinities“, bls. 355-356.

tækni, ef svo mætti að orði komast; „hversu straumlínulagaður og skarpur hann væri allur, eftirlátssemi, föðurleiki, sveigði samræður á hennar sérsvið - gerði það vel.“¹⁵⁴ Hann sýnir henni uppgerðarmeðlíðan með þeim árangri að hún bítur á agnið og gerir honum grein fyrir einangraðri stöðu sinni í heiminum og segir honum í stuttu máli allt af léttu. Emil virðist vera fær í að koma auga á veikleika og notfæra sér þá. Eva tekur eftir því að áhuginn á verkefninu vaknar þegar hún tekur niður sólgleraugin en þá tekur hann einmitt eftir grátbólgnum augunum sem er viss opinberun á hversu sár og berskjölduð hún er.¹⁵⁵ Einnig beina þær Bergþóra og Rannveig, hvor í sínu lagi, talinu í sífellu að einkalífi Evu til þess að sækja „veikleikasögur“. Einnig er Evu veitt eftirför en allt er þetta liður í ákveðinni upplýsingasöfnum. Viðskiptafólkið, undir stjórn Novaks, notar þessar upplýsingar til þess að kortleggja líf og persónuleika Evu. Fer þá í hönd gjörningurinn sjálfur sem felur í sér hugmynd sem ætti að vera okkur orðin kunnugleg eftir samantekt á rannsóknum Connell og Wood og Kristínar og Helgu. Hugmynd sú er enn einn liðurinn í því að afmá mörk viðskiptalífsins og færa áherslur þess á önnur svið.

4.3 Stjórnunargjörningur

Gjörningurinn er útpæld og hönnuð atburðarás sem felur í sér hugmyndina um tilfinningalegan mælanleika, þ.e. að hægt sé að spá fyrir um tilfinningaleg viðbrögð annarra, að tilfinningar séu mælanlegar, fyrirséðar og láti að stjórn annarra. Þeir teikna upp atburðarás sem, á kerfisbundinn hátt, brýtur hana niður. Þeir telja sig hafa vald til þess að kalla fram „fyrirséð“ viðbrögð Evu en þeir virðast vita á hárnákvæman hátt, hvaða þættir atburðarásarinnar munu kalla fram uppreisn af hennar hálfu og gera þeir ráð fyrir henni. Þá vita þeir einnig hvaða skellur knýr hana til þess að gefa báráttuna fyrir lífi sínu upp á bátinn. Við getum sannarlega rakið hugmyndina um tilfinningastjórnun til viðtala Connell og Woods en í *Konum* er hugmyndin tekin á annað stig því ætlunarverkið er einnig að ná yfirráðum yfir viðbrögðum *almennings* við þeirra eigin gjörningi. Þessi útplanaði „fyrirsjáanleiki“ kemur Evu fyrir sjónir eins og þeir geti lesið hugsanir hennar. Gjörningurinn snýst í rauninni um að fylgjast með Evu og þekkja þannig „óvininn“ eins og oft er viðhaft í viðskiptum. Eva segir á einum stað: „Tilfinningin hafði

¹⁵⁴ Steinar Bragi, *Konur*, bls. 134.

¹⁵⁵ Sama heimild, bls. 132.

ágerst - það var skrítið - um að hún væri stöðugt undir eftirliti: hverja einustu sekúndu dagsins; hvert einasta augnit hennar og hreyfing skrásett af myndavél, nóterað, greint og sett í samhengi við alla sögu hennar.¹⁵⁶ Hér kemur hún inn á grundvallarsamlíkingu við viðskiptahætti sem felast í því að fylgjast stöðugt með markaðnum og greina stöðuna í sífellu; verðinu á hlutabréfum, skuldabréfum, afleiðum, hrávörum, gengi gjaldmiðla o.s.frv. Með þessum aðferðum, sem glæpamennirnir í bókinni beita, virðast þeir búa yfir yfirskilvitlegum hæfileikum til þess að sjá fyrirfram viðbrögð Evu. Þeir eru búnir að þjálfast stíft í því að vera alltaf einu skrefi á undan andstæðingi sínum í „leiknum“. „Vorur þeir hluti af breiðari herferð, „hannaðri atburðarás“, eins og var sagt í pólitík og viðskiptum? Viðskiptum?“¹⁵⁷ Þessi tvítekning og leið til áhersluauka sýnir okkur svo ekki verður um villst tengingu gjörningsins við viðskiptalífið. Hún lendir þannig í sömu vinnubrögðum og þekkjast í viðskiptalífinu en eru *yfirferð* á svið listarinnar. Þessi „fyrirsjáanleiki“ birtist okkur með margvíslegum hætti, eins og þegar Eva kemur á réttu augnabliki inn í herbergi og sér umslag í sófa¹⁵⁸, þegar þeir vissu að Eva myndi gera uppreisn og hún kastar sjónvarpinu fram af svölunum.¹⁵⁹ Að lokum ber að nefna sjálfa flóttatilraunina en þeir vita, ekki einungis að hún eigi eftir að flýja, heldur einnig hvernig og út um hvaða dyr og voru búnir að koma fyrir legsteini með áletruninni „hér endar flóttinn“.¹⁶⁰ Þetta sýnir okkur hvernig allt var skipulagt frá a til ö og að Eva á í rauninni aldrei möguleika andspænis hinum karllægu fjármagnsöflum sem hafa öll tæki og tól í hendi sér.

Konur dregur fram dekkstu hliðar menningarinnar og sýnir fram á hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér sé hugmyndafræði nýfrjálshyggjunnar fylgt út í ystu æsar. Menirnir í bókinni koma okkur fyrir sjónir sem ósigrandi og miskunnarlau-sir. Talsvert er um vísanir til siðblindu og upphafningar hennar. Það sést í bókinni hver-nig fjármálamenningin elur á ýmsum skaðlegum gildum, áþekkingum þeim einkennum sem fylgja siðblindu. Allt fólkið sem kemur með einhverjum hætti að þessum gjörningi hvort sem það fjármagnar hann eða tekur beinan þátt, liggur auðvitað undir grun um að

¹⁵⁶ Sama heimild, bls. 197-198.

¹⁵⁷ Sama heimild, bls. 131.

¹⁵⁸ Sama heimild, bls. 93.

¹⁵⁹ Sama heimild, bls. 120-121.

¹⁶⁰ Sama heimild, bls. 203.

vera siðblint eða skorta, í það minnsta, gott siðferði og sómakennnd. Í bókinni er líka mikið um grímulausa upphafningu þessara einkenna eins og þegar Rannveig spyr í miklum hæðnistón, hvar hún geti eiginlega fjárfest í siðferði og segist ekki einu sinni vita hvernig það líti út¹⁶¹, eins hefur Bergþóra í frammi fremur kaldranaleg sjónarmið þegar kemur að ástinni, en hún afskrifar rómantík.¹⁶² Þegar Rannveig talar um siðlausa rússneska mafú sem er fjölskylda Nödjú, konu Novaks, finnst Evu sem hún geri svo af mikilli upphafningu og aðdáun, þrátt fyrir að vita fullvel hvaða vafasömu athæfi býr veldi þeirra að baki.¹⁶³

Eins og fyrsti kafli þessarar ritgerðar ber vitni um eru siðblindingjar með öllu ófærir um að elska og þá skortir samvisku sem hlýtur að vera grunnforsenda þess að geta tileinkað sér gott siðferði.¹⁶⁴ Af rannsókn Boddy að dæma, er varðar siðblindu, virðist óhætt að draga a.m.k. tvær ályktanir. Sú fyrri lýtur að þeirri staðreynd að 32% hvítflibbstarfsmanna segjast hafa unnið með siðblindingja og ennfremur því að siðblindingjar manna margar af æðstu stöðum fjármálageirans.¹⁶⁵ Ályktunin er sú að þeir séu því í lykilstöðu til þess að setja sitt mark á geirann; leggja ákveðnar áherslu- og viðmiðunarlínur. Með veru sinni í æðstu lögum viðskiptalífsins¹⁶⁶ hafa þeir áhrifavald til þess að skilgreina ákjósanlega „eiginleika“ starfsmanna og er því líklegt að þeir sem nýir eru í faginu reyni að temja sér ákveðna siði og ákveðið háttarni í því skyni að vera hækkaðir í tign og launum. Ef sú ályktun reynist á rökum reist er ennfremur hægt að segja að viðskiptafólkið sé margt hvert á höttunum eftir „eiginleikum“ sem líkjast læknisfræðilegri skilgreiningu á siðblindu. Þannig hafa þeir einnig tekið ríkulegan þátt í mótun þverþjóðlegrar viðskiptakarlmannsku með því að taka öfgafull hegðunarmynstur út á ystu nöf. Fyrir þessa siðblindueiginleika er umbunað í þessari fyrirtækjameningu.

Hin ályktunin lýtur að því að fjármálageirinn sé, einhverra hluta vegna, kjörlendi fyrir siðblindingja, því þeir sækjast mest eftir þess konar störfum eins og Boddy bendir á í grein sinni.¹⁶⁷ Höfum við komið okkur upp fjármálakerfi, hvers siðferðisrammi er slíkur, að siðblindingjar þrífast þar og falla óséðir inn í fjöldann? Að þeir eiginleikar

¹⁶¹ Sama heimild, bls. 81.

¹⁶² Sama heimild, bls. 51.

¹⁶³ Sama heimild, bls. 81.

¹⁶⁴ Clive, R. P. Boddy, „Corporate Psychopaths and organizational type“, bls. 302.

¹⁶⁵ Sama heimild, bls. 306.

¹⁶⁶ Sama heimild, bls. 308.

¹⁶⁷ Sama heimild, bls. 309.

sem ákjósanlegir eru og veiti fólki frama á sviðinu séu áþekkir þeim sem finna má í gullstaðalinum um siðblindu? Svarið, samkvæmt bók Steinars Braga, *Konur*, virðist vera jákvætt við báðum spurningunum því í henni er að finna bæði persónur sem ekki leikur vafi á að eru siðblindar en einnig persónur sem upphefja siðblindueiginleika í sókn sinni eftir frama.

Áherslum þverþjóðlegrar viðskiptakarlmannsku eru gerðar góð skil í bók Steinars Braga: Ímynd mannanna innan fjármálageirans vekur upp með lesendum hugmyndir um styrkleika, völd, áræðni og vafalaust vakna upp óttablandnar tilfinningar í garð geirans eftir lestur hrollvekjunnar. Sá lærdómur sem lesendur draga af bókinni er að menn sem tilheyra þverþjóðlegri viðskiptakarlmannsku séu óbugandi í framtakssemi sinni og skilvirkni og að ljóst sé að þeir láti ekki samvisku sína ráða för; að þeir séu hinir sterku einstaklingar sem samfélag nýfrjálshyggjunnar mærir svo mikið. Þó er ansi veigamikill þáttur þessarar karlmannsku sem ekki birtist í bókinni. Á blaðsíðum bókarinnar er ekki að finna með hvaða hætti karlmannskan er skaðleg *þeim sjálfum*, viðtölin við áströlsku forstjórana gefa mun fyllri mynd af þverþjóðlegri viðskiptakarlmannsku vegna þess þeir greina líka frá hinni hlið peningsins en okkur er hún sjaldnast sýnd. „Hin hliðin“ eru ofkeyrðir karlmenn í yfirmáta kappsamri menningu, ýmist með magasár eða önnur streitueinkenni og hafa ekki félagslegt svigrúm til þess að sýna tilfinningar og rækta innihaldsrík sambönd. Margir hverjir finna fyrir samviskubiti því þeir hafa látið fjölskylduna, fólkið sem þeir elska, sitja á hakanum.¹⁶⁸

¹⁶⁸ Connell, R.W. og Wood, J. „Globalization and Business Masculinities“, bls, 356.

5. Lokaorð

Hvaða lærdóm höfum við dregið af því að rýna í þverþjóðlega viðskiptakarlmennsku eins og hún birtist í *Konum* og hvað eiga allir þessir þættir sem taldir eru upp í ritgerðinni sameiginlegt? Páll Skúlason fangar kjarna málsins þegar hann segir að: „markaðskerfi og tækni geta að sjálfsögðu leitt margt gott af sér og hafa gert, en ef þau eru hafin upp á stall sem mikilvægustu verðmæti í heimi og færð yfir á svið þar sem þau eiga ekki við, þá sköpum við hugmyndafræði sem leiðir okkur í ógöngur.“¹⁶⁹ Í *Konum* er nýfrjálshyggjan, sem boðar alræði markaðarins, tekin út yfir öll skynsemismörk, þar sem „hinn sterki“ bókstaflega tekur „þann litla“ af lífi. Viðskiptafólkið í *Konum* yfirfærir rökleiðslur og aðferðir úr viðskiptalífinu á flest önnur svið, svið sem að öðrum kosti ættu að vera viðskiptalífinu með öllu óviðkomandi. Viðskiptamenningin er ekki einungis skaðleg samfélaginu heldur takmarkar hún aðgengi þeirra kvenna og jafnvel karla sem ekki hafa tileinkað sér gildi þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku. Þá höfum við einnig gert gjaldi þverþjóðlegrar viðskiptakarlmennsku skil. Í því felst að valdamiklir menn innan fjármálageirans, sem gangast við, í einu og öllu, boðum og bönnum karlmenskunnar, keyra sig út með þeim afleiðingum að þeir eru stressaðir, einangrast, missa heilsuna og hafa ekki tíma til þess að hlúa að vina-og fjölskylduböndum. Það sem ritgerð þessi leiðir einnig í ljós er gegnsýring markaðsaflanna sem sjá ekki manneskjuna fyrir neytandanum sem er afleiðing samfélags sem býr við hugmyndafræði nýfrjálshyggju. Með markaðsvæðingunni sendir fyrirtækjameningin meinvörp út í samfélagið allt og má segja að almenningur sé fangi hugmyndafræðinnar. Rétt eins og kynjafræðileg greining Þorgerðar Einarsdóttur og Gyðu Margrétar Pétursdóttur á rannsóknarskýrslu Alþingis leiðir í ljós er hrunið afleiðing af, meðal annarra áhrifaþátta, karlmenskuhugmyndum sem teknar voru út á ystu nöf. Samkeppnin etur þeim út í æ meiri áhættusækni og leiðir í ógöngur. Þetta rímar við atburðarás *Kvenna* en Novak, í broddi fylkingar viðskiptamanna, veður áfram, uppfullur af skaðlegum karlmenskuhugmyndum og endar með því að fremja fjórfalt morð. Hann, rétt eins og útrásarvíkingar góðærisins, nýtur hylli almennings þrátt fyrir siðferðilega ámælisverðar gjörðir. Novak nær að brengla siðferðisvitund samferðafólk síns með því að setja ný viðmið undir formerkjum listarinnar eins og íslensku athafnamennirnir sem sýna af sér, áður óþekkt, áhættuhegðun undir formerkjum *árangurs*, sem öllu er fórnað fyrir.

¹⁶⁹ Páll Skúlason, „Menning og markaðshyggja“, bls. 8.

Heimildaskrá

Bóklegar heimildir:

Althusser, Louis, „Hugmyndafræði og hugmyndafræðileg stjórnþæki ríkisins (rannsóknarpunktur)“, *Af marxisma: Afbók#6*, ritstj. Magnús Þór Snæbjörns-son og Viðar Þorsteinsson, þýð. Egill Arnarsson, Reykjavík: Nýhil, 2009, bls. 175-228, bls. 207-209.

Babiak, P. og Hare, R.D., *Snakes in suits: when psychopaths go to work*, HarperCollins, New York, 2006

Bakan, Joel, *The Corporation: The Pathological Pursuit of Profit and Power*, New York: Free Press, 2004.

Clarke, J., *Working With Monsters: How to identify and protect yourself from the work-
place psychopath*, Random House, 2005.,

Connell, R. W., *Gender in World Perspective*, Cambridge: Polity Press, 2009.

Connell, R. W. og Wood, J., „Globalization and Business Masculinities“, *Men and Masculinities* 7, bls. 347-364.

Connell, R. W. „Globalization, Imperialism, and Masculinities“, *Handbook of Studies on Men & Masculinities*, ritstj. Michael S. Kimmel, Jeff Hearn og R. W. Connell, California: Sage Publications Inc., 2005, bls. 71-89.

Forshaw, Barry, „introduction“ (ritstj. Bloom, Clive) *Death in a Cold Climate: A Guide to Scandinavian Crime Fiction*, Hampshire: Palgrave Macmillan, 2012.

Foucault, Michel, „Alsæishyggja“, *Alæi, vald og þekking: Úrval greina og bókakafla*, ritstj. Garðar Baldvinsson, þýð. Björn Þorsteinsson, Garðar Baldvinsson og Sigurður Ingólfsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands,

2005, bls. 129-169.

Gauti Kristmannsson, „Steinar Bragi“, *Viðbrögð úr Víðsjá: Úrval ritdóma frá upphafi 21. aldar*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2011, bls. 190-194.

Guðni Th. Jóhannesson, *Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2009.

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands, 2004.

Jones, M.T., „Transnational corporation, corporate social responsibility and the ‘outsourcing’ debate.“, *Journal of American Academy of Business*, 6: 2/2005, bls. 91-97.

Kellman, Steven G., „The Cinematic Novel: Tracking a Concept“, *Modern Fiction*, 33: 3/1987, bls. 467-477.

Kjartan Már Ómarsson, „Týndi sonurinn: Hugleiðing um líkneski Leifs heppna Eiríkssonar.“ *Ritið* 15: 1/2015, ritstj. Kristinn Schram og Jón Ólafsson, bls. 57-84.

Kristín Loftsdóttir, „Kjarnmesta fólkið í heimi: Þrástef íslenskrar þjóðernishyggju í gegnum lýðveldisbaráttu, útrás og kreppu.“ *Ritið*, 9: 2-3/2009, ritstj. Ásdís R. Magnúsdóttir og Björn Þorsteinsson, bls. 113-139.

Páll Skúlason, „Menning og markaðshyggja“, *Skírnir* 182: 1/2008, ritstj. Halldór Guðmundsson (ritstj.) bls. 5-40.

Hare, Robert D. *Without Conscience*, New York: The Gulford Press, bls.113.

Newby, J., *Corporate Psychopaths*, In *Catalyst*, Australia, 2005.

Salvör Nordal, „Samfélagsleg ábyrgð í viðskiptalífinu“, *Eilífðarvélin: Uppgjör við nýfrjálshyggjuna*, ritstj. Kolbeinn Stefánsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010, bls. 93-112.

Sólveig Baldursdóttir, „Klæðnaður fólks í viðskiptum: Rætt við Önnu Gunnarsdóttur lita-og fatastílsleiðbeinanda“ *Frjáls verslun*, 50: 3/1991, ritstj. Jón G. Hauksson, bls. 54-57.

Steinar Bragi, *Konur*, Reykjavík: Mál og menning, 2008.

Sveinbjörn Þórðarson, „Fortíðin í nútímanum. Ágrip af hugmyndasögu nýfrjálshyggjunnar“, *Eilífðarvélin: Uppgjör við nýfrjálshyggju*, ritstj. Kolbeinn Stefánsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010, bls. 53- 68.

Todorov, Tzvetan, „definition of the fantastic“, *The Fantastic: A Structural Approach to a Literary Genre*, þýð. Richard Howard, New York: Cornell University Press, 1975.

Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, „Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafraeðilegu sjónarhorni.“ *Skýrsla þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis*. Reykjavík: Alþingi, 2010.

Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjamyndir og kyngervi nýfrjálshyggjunnar“, *Eilífðarvélin: Uppgjör við nýfrjálshyggjuna*, ritstj. Kolbeinn Stefánsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010, bls. 195-218.

Vefheimildir:

Ásgeir H. Ingólfsson, „Kynjapólitískur reyfari: Steinar Bragi lýkur við bók og flytur yfir á París“ *Morgunblaðið*, 31. júlí, 2008, sótt þann 12. maí, 2016 af:

http://timarit.is/view_page_init.jsp?is-sId=286834&pageId=4195463&lang=is&q=Steinar%20Bragi

Bergsveinn Sigurðsson, „Þjáningin er mjólkurkýr“, *Fréttablaðið*, 21. desember, 2008, sótt þann 12. maí af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4015719

Boddy, R. P. Clive, „Corporate Psychopaths and organizational type“, *Journal of Public Affairs* [vefrit], 10/4 (2010). <<http://onlinelibrary.wiley.com/wol1/doi/10.1002/pa.365/full>> Sótt þann 20. júní, 2016.

Eiríkur Örn Norðdahl, „Að útdeila réttlæti: viðtal við Steinar Braga“, *Starafugl*, 27. október, 2014, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://starafugl.is/2014/ad-utdeila-rettlaeti-vidtal-vid-steinar-braga/>

Elias, Juanita, „Hegemonic Masculinities, the Multinational Corporation, and the Developmental State. Constructing Gender in „Progressive“ Firms“, *Men and Masculinities* [vefrit], 10/4 (2008), <<http://jmm.sagepub.com/content/10/4/405.full.pdf+html>>, sótt þann 18. febrúar, 2016.

Guðmundur Pálsson, „Skjálftar, engar konur í Kauphöll og mygla“, RÚV, 29. ágúst, 2016, sótt þann 1. september, 2016 af: <http://www.ruv.is/frett/skjalftar-engar-konur-i-kaupholl-og-mygla>

Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, „Með eigið lík í eftirdragi“, *Fréttablaðið*, 4. desember, 2011, sótt þann 12. maí, 2016 af <http://www.visir.is/med-eigid-lik-i-eftirdragi/article/2011111209653>

Jakob Bjarnar, „Forlagið stelur Steinari Braga“, *Fréttablaðið*, 8. janúar, 2009, Sótt þann 12. maí, 2016 af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?is-sId=278675&pageId=4016509&lang=is&q=Steinar%20Bragi

Jón Aðalsteinn Bergsvein, „Bjarni Ármannsson dæmdur fyrir skattsvik: Fyrirverandi bankastjóri Glitnis þarf að greiða 35 milljónir króna í sekt fyrir að hafa vantalið tekjur sínar um rúmar 200 milljónir.“ *Viðskiptablaðið*, 28. júní, 2013, sótt þann 20. júlí, 2016 af <http://www.vb.is/frettir/bjarni-daemdur-fyrir-skattsvik/92882/>

Kolbeinn Tumi Daðason, „Fyrirlestur Jordan Belfort færður í minni sal“, *Vísir.is*, 6. maí, 2014, sótt þann 28. júlí, 2016 af: <http://www.visir.is/fyrirlestur-jordan-belfort-faerdur-i-minni-sal/article/2014140509437>

Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir, „Áhættusækni í útrásargleði: Karlar og konur í bönkum og fjármálafyrirtækjum“, *Iceland Review of Politics & Administration* [vefrit], 11/2 (2015). <<http://www.irpa.is/article/view/a.2015.11.6./pdf>>, sótt þann 1. júlí. 2016

María Lilja Þrastardóttir, „Búin að vera saman til æviloka“, *Fréttatíminn*, 14. desember, 2012, sótt þann 12. maí af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=5857623

Morse, G, „Executive psychopaths“, *Harvard Business Review* [vefrit], 17/12 (2004). <<https://hbr.org/2004/10/executive-psychopaths>> Sótt þann 27. júlí, 2016.

Páll Skúlason, „Allir þurfa að læra siðfræði“, [PállSkúlason.is](http://pallskulason.is) [blogg], 1. október, 2010 <<http://pallskulason.is/greinar/78-allir-thurfa-ad-laera-sidfraedi>> sótt þann 5. júlí, 2016. [Birtist upphaflega í Stúdentablaðinu, 3. tbl 2009.].

Ritstjórn Kjarnans, „Topp 5: Slæmar byggingarákvarðanir“, *Kjarninn*, 15. júlí, 2015, sótt þann 20. júlí, 2016 af: <http://kjarninn.is/frettir/topp-5-slaemar-byggingarakvardanir/>

Ritstjórn Morgunblaðsins, „Dómur yfir Baldri staðfestur“, *Morgunblaðið*, 17. febrúar, 2012, sótt þann 20. júlí, 2016 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/02/17/domur_yfir_baldri_stadfestur/

Ritstjórn Morgunblaðsins, „Konur til Máls og menningar“, *Morgunblaðið*, 9. janúar, 2009, sótt þann 20. júlí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1263492/>

Ritstjórn Morgunblaðsins, „Ofsi og Konur tilnefndar til bókmenntaverðlauna“, *Morgunblaðið*, 1. desember, 2009, sótt þann 12. maí, 2016 af: http://www.mbl.is/frettir/forsida/2009/12/01/ofsi_og_konur_tilnefnd_til_bokmenntaverdlauna/

Ritstjórn Viðskiptablaðsins, „FME sektar Almenna lífeyrissjóðinn: Fjármálaeftirlitið sektar almenna lífeyrissjóðinn fyrir að eiga viðskipti á sama tíma og hann bjó yfir innherjaupplýsingum.“ *Viðskiptablaðið*, 26. febrúar, 2016, sótt þann 20. júlí, 2016 af <http://www.vb.is/frettir/fme-sektar-almenna-lifeyrissjodinn/125438/>

Ritstjórn Viðskiptablaðsins, „Hreiðar Már dæmdur í fimm og hálfis árs fangelsi: Sigurður Einarsson fékk fimm ára dóm í Al Thani-málinu. Al Thani-málið er stærsta mál sérstaks saksóknara til þessa.“ *Viðskiptablaðið*, 12. desember, 2013, sótt þann 20. júlí, 2016 af <http://www.vb.is/frettir/hreidar-daemdur-i-fimm-ara-fangelsi/99630/>

Sigurhanna, „Fatatískan í fjármálaheiminum“, *Viðskiptablað Morgunblaðsins*, 25. maí, 2006, sótt þann 1. september, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1084381/>

Steinar Bragi, „Pistill frá Steinari Braga: Manífestó um upphaf nýs árpúsunds“, *Bókmenntir.is*, 2003, sótt þann 20. júlí, 2016 af http://bokmenntir.is/desk-topdefault.aspx/tabid-3900/6556_read-18333/RSkra-111

Þorgerður E. Sigurðardóttir, „Þorgerður E. Sigurðardóttir skrifar um Steinar Braga“, *Bókmenntir.is*, 2004, sótt þann 12. maí, 2016 af: http://bokmenntir.is/desk-topdefault.aspx/tabid-3903/6066_read-18666/RSkra-111

Þorbjörn Þórðarson, „Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag: Kaupþingsmenn á Kvíabryggju“, *visir.is*, 12. janúar, 2016, sótt þann 1. september, 2016 af: <http://www.visir.is/frettir-stodvar-2-og-island-i-dag--kaupthingsmenn-a-kviabryggju/article/2016160119663>

Þormóður Dagsson, „Listin á bak við morðgátu“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 16. desember, 2006, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1119786/>

Þröstur Helgason, „Að tengjast kvenhataranum í sjálfum sér“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. nóvember, 2008, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1257731/>

Þröstur Helgason, „Vofuleg gufa í þokuheimi“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 7. desember, 2002, sótt þann 12. maí, 2016 af: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/702694/>